„Ég söng síðasta vorkonsertinn með kórnum í vor.“ sagði Adalsteinn í samtali við Fréttablaðið. „Ég hef verið viðloðandi Gamla Fóstbræður lengi, en það tók mig tíma að taka endanlega skrefið.“ sagði Adalsteinn sem ætlar þó ekki að hætta söngnum í bráð. „Ég verð hér á meðan ég hef heilsu til.“ Adalsteinn segir mikinn tíma hafa farið í sönginn og mikinn félagsskap hafa hlotist af kórstarfinu. „Það gerir þetta enginn nema hann hafi stuðning frá fjölskyldunni, eins og ég hef notið.“ sagði hann.



FÓSTBRÆÐUR NÍÚTÍU ÁRA Efnisskrá tónleikanna í kvöld er mjög fjölbreytt.

Á 55 ára söngferli Adalsteins eru ýmsir hápunktar. „Rétt eftir að ég steig mín fyrstu skref með Fóstbræðrum var ég valinn í sextán manna hóp til að syngja í Rigoletto, sem var fyrsta óperan sem sýnd var á Íslandi. Ég söng svo með Þjóðleikhúskórnum í fjögur ár eftir það.“ sagði hann. Adalsteini eru einnig minnisstæðir þættir Svavars Gests á sunnudagskvöldum, en þar

söng hann með hópnum Fjórtnán fóstbræður. „Þeir gáfu út einar fjórar plötur og þetta var mjög vinsælt. Hefðu menn verið búnir að finna upp gullplötuna hefði hún örugglega fallið þeim í skaut.“ sagði Adalsteinn. Kórferðalögin standa jafnframt upp úr, en Fóstbræður hafa ferðast víða og unnið til verðlauna á þeim þremur kóramótum sem þeir hafa farið á. Adalsteinn sagði þakklátur þeim sem hann hefur sungið með og vill þakka öllum söngstjórum sínum fyrir að þola hann svo lengi. „Árni Harðarson er stórgóður stjórnandi og ég vil óska honum alls góðs í framtíðinni.“ sagði Adalsteinn. Hann sagði vera á því að söngur sé mannbætandi. „Fyrir sál og líkama. Einhver spekingurinn sagði líka að vondur maður geti ekki sungið.“ sagði hann. Aðspurður hvort hann hljóti þá ekki að vera orðinn óskaplega góður maður eftir svo langan starfsaldur skellti Adalsteinn upp úr. „Það er kannski ástæðan fyrir því hvað ég hef lifað lengi.“ sagði hann svo hugsi.

Tyrkjaránssetur í Vestmannaeyjum

Stofnað hefur verið í Vestmannaeyjum félag sem hefur það að markmiði að setja á laggirnar og reka setur sem byggir á sögu Tyrkjaránsins í Vestmannaeyjum árið 1627.

Setrinu er ætlað að vera miðstöð rannsóknna og fræðslu um Tyrkjaránið sem og að vera liður í menningar-tengdri ferðarþjónustu í Vestmannaeyjum. Verður öllum þeim sem hafa áhuga gefinn kostur á að gerast stofnfélagar á næstu vikum.

„Við sjáum mikla möguleika í sambandi við að virkja söguna. Þetta er einn liðurinn í því að sækja fram.“ segir Þóroddur Svansson, formaður félagsins. „Við vildum gera eitthvað sjálf, enda kemur ekki allt upp í hendurnar á okkur. Sagan er svo mögnuð. Ég hef

verið að skoða í kringum landið þessi setur eins og á Siglufirði og Hofsiósi og þetta ætti alveg eins að vera hægt í Vestmannaeyjum.“ segir Þóroddur.

Setrið þar sem starfsemin mun fara fram nefnist Dalabúi. Er það bóndabýli í suðurjaðri Vestmannaeyjabæjar, skammt norðan við flugvöllinn. Til að hægt verði að halda þar úti sýningum, þar á meðal þrælatorgi, allan ársins hring þarf að ráðast í endurbætur og munu þær verða unnar í skrefum næstu fimm árin.

Á næsta ári verða 380 ár liðin frá Tyrkjaráninu. Af því tilefni er stefnt að því að bjóða upp á viðamikla og fjölbreytta dagskrá frá maí og fram í ágúst, þar sem Tyrkjaránssetrið mun gegna lykilhlutverki.



Í HLÖÐUNNI Í DALABÚI Setrið um Tyrkjaránið verður í bóndabýli í suðurjaðri Vestmannaeyjabæjar.

MYND/KUBZZI

Lexus IS

Bíll ársins 2007

Í flokki smábíla og
millistærðarbíla: Renault Clio

Í flokki stærri fjölskyldu- og
lúxusbíla: Lexus IS.

Í flokki jeppa og jepplinga:
Hyundai Santa Fe

Í flokki sportbíla: Porsche Cayman



 **Stilling**

BANDALAG ÍSLENSKRA
BÍLL
ÁRSINS
2007
BÍLABLAÐAMANNA



www.billarsins.is

SMS LEIKUR

GEISSBÜHLER JAGGED BY DAN MAZER MONICA LEVINSON PRODUCED BY SACHA BARON COHEN JAY ROACH DIRECTED BY SACHA BARON COHEN

"GRÖDDALEGUR OG BEINSKEYTTUR HUMÓR" pp - FBL

"MÆÐUR NÁNAST ÆLIR AF HLÆTRI" pp - FBL

9. HVER VINNUR!

SENDU SMS JA XXX Á JA BRV OG ÞÚ GÆTIR UNNIÐ BÍÓMIÐA!

ВИНИНГЛА СЯВ

БІОМІДЛА ФУЯІЯ ТУО!

DVD МҮНДІЯ ОГ МЯГТ ФЛЕЯІА!

FMI957

SIRKUS

БОРАТ

CULTURAL LEARNINGS OF AMERICA FOR MAKE BETTER GLOBUS MATION OF KAZAKHSTAN WITH ERHAN BARON COHEN

FRUMSÝND 03 11 06

Fáðu þér BORAT titil á BlogCentral.is

STUÐ MILLI STRÍÐA: Síminn minn var hleraður

ÞÓRGUNNUR ODDSDÓTTIR VIÐURKENNIR AÐILD SÍNA AÐ HLERUNARMÁLINU



Merkismenn í þjóðfélaginu stíga nú fram hver á fætur öðrum og staðhæfa að síminn þeirra hafi verið hleraður. Þá er líklegast kominn tími til að ég geri

hreint fyrir mínum dyrum og viðurkenni aðild mína að þessu máli. Á síðari hluta níunda áratugarins stóð ég nefnilega fyrir stórfelldum hlerunum. Ég hef það mér til málsbótar að ég var bara krakki og þar að auki afleitur hlerari – ég kom alltaf upp um mig með flíssi.

Þetta byrjaði allt í kringum

fimm ára afmælið mitt þegar keypt var nýtt símtæki á heimilið. Nú voru tveir símar í húsinu og litla stelpuskottið ekki lengi að átta sig á þeim möguleika sem það bauð upp á. Systur mínar voru helstu fórnarlömbin enda á afar viðkvæmum gelgjuldri.

Ekki nóg með að ég hafi gerst svo ósvífin að liggja á hleri heldur nýtti ég einnig tæknina til þess að afrita þessi símtöl með afar ólögmetum hætti. Þegar systir mín var ellefu ára hringdi hún í kærastann sinn (sem sjálfur vissi auðvitað ekki að hann væri kærastinn hennar) og fékk mig, sex ára systur sína, til þess að hjálpa sér að taka símtalið upp á kasettu svo hún gæti hlustað aftur

og aftur á rödd kærastans. Þessi vafasama upptaka er til enn í dag en það eina sem náðist að afrita eru stundur og skruðningar í mér sem átti í mesta basli við að halda niðþungu tólinu upp að hátalara kasettutækisins. Í kærastanum góða heyrist ekki múkk.

Nú ætla ég ekkert að gera lítið úr þessu hlerunarmáli og það getur barasta vel verið að símar Jóns Baldvins og féлага verið hleraðir af óþrúttum aðilum. En getur ekki líka verið að þarna hafi bara verið á ferðinni saklausar litlar stelpur sem freistuðu þess aðeins að taka upp símtöl við syni þessara ágætu manna? Sjálf er ég blásaklaus – allar mínar hleranir fóru fram í svæðisnúmeri 96.

myndasögur

■ Pondus

Eftir Frode Øverli



■ Geljan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman



■ Handan við hornið

Eftir Tony Lopes



■ Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell



■ Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



Ferrell í Semi-Pro

Gamanleikarinn Will Ferrell hefur tekið að sér hlutverk í myndinni Semi-Pro. Fjallar hún um mann nokkurn sem á og leikur með körfuboltaíði sem á erfitt uppdráttar í bandarísku ABA-deildinni.

Woody Harrelson leikur einnig í myndinni en margir muna eftir honum úr körfuboltamyndinni White Men Can't Jump þar sem hann lék á móti Wesley Snipes.

Scot Armstrong, sem átti þátt í handritinu að Old School, skrifaði einnig handritið að þessari mynd.

Semi-Pro verður fjórða íþróttamyndin sem Ferrell leikur í á kömmum tíma. Fyrst lék hann fótboltaþjálfara í myndinni Kicking and Screaming, síðan kapp-



WILL FERRELL Gamanleikarinn vinsæli hefur tekið að sér hlutverk í Semi-Pro.

akstursmann í Talladede Nights og loks listskautakappa í myndinni Blades of Glory, sem enn á eftir að frumsýna.

Spilar á árshátíð í Frankfurt

Anna Rakel Róbertsdóttir Glad mun ferðast með starfsmönnum KPMG til Frankfurt um næstu helgi, þar sem hún verður plötusnúður á árshátíð endurskoðunarfyritækisins. „Ég fer út á föstudegi og kem á sunnudegi, þetta er algjört „jetset“-djóbb,“ sagði Anna Rakel kát í samtali við Fréttablaðið. „Þetta kom til á týpískt íslenskan hátt, maður þekkti mann sem benti á mig. Það var búið að bóka einhvern annan til að fara með þeim, en svo var ég svo heppin að komast að,“ sagði hún, en alls fara um tvö hundruð manns frá KPMG til Frankfurt.

Anna Rakel kom fyrst fram á sjónarsviðið í líki plötusnúðs

fyrir rúmum tveimur árum, en fyrir það var hún þekkt fyrir störf sín sem þáttastjórnandi og fyrirseta. „Ég hef spilað bæði ein og með öðrum á þessum tíma,“ sagði Anna Rakel, en hún segist alltaf hafa haft mikinn áhuga á tónlist. „Leyndi draumurinn minn er að vera gítarleikari og rokkstjarna í amerískri rokkhljómsveit á áttunda áratugnum. Ég er svona skápa-hippi,“ sagði hún.



ANNA RAKEL VIÐ STÖRF PLÖTUSNÚÐARINS Finnst skemmtilegt að spila með öðrum: „Maður heldur ekki þarf einsamall.“ FRÉTTABLAÐIÐ/ÓMAR



TUPAC Pac's Life er áttunda plata Tupac eftir að hann dó.

Ný plata með Tupac

Ný plata með rapparanum Tupac Shakur, Pac's Life, er væntanleg 20. nóvember. Platan hefur að geyma lög sem aldrei áður hafa heyrst með kappanum. Er þetta áttunda platan sem kemur út með Tupac eftir að hann var skotinn til bana árið 1996.

„Tupac skildi eftir sig efni sem ekki hefði verið hægt að gefa út ef allir þessir tónlistamenn, upptökustjórar og allir hinir hefðu ekki lagt sitt að mörkum,“ sagði Afeni Shakur, móðir rapparans. Á meðal þeirra sem koma fram á plötunni eru Snoop Dogg, Ludacris og T.I.



MICKEY ROURKE Segir kvikmyndaiðnaðinn vera heltekinn af slúðri og barneignum.

Hæfileikaleysinu hampað

Mickey Rourke hefur lýst því yfir að Hollywood hampi hæfileikalausum leikurum sem komist á forsíður slúðurblaðanna fyrir ástarsambönd sín frekar en hæfileikaríku fólki. Það séu glysgjarnar stjórnur sem fái öll bestu hlutverkin í nýjustu myndunum. „Þetta snýst ekki lengur um að leika heldur markaðssetningu,“ sagði Rourke. „Allt hringisnýst í kringum hvaða fífl er með hverju fífl, hvaða asni á hvaða barn með hverjum,“ bætti leikarinn. „Kvikmyndaiðnaðurinn verður að gera sér grein fyrir því að fólkið í raunveruleikanum á líka börn og að það er ekkert merkilegt út af fyrir sig.“

AMERÍSKIR DAGAR




Lane

10-40% afsláttur af svefn sófum og hvíldarstólum frá Lane.



Posturepedic

Glæsilegur tilboðspakki fylgir hverju Sealy rúmi.



Frakkar komast í Tröllakirkju

! 17.15

Hinn dádi veðurfræðingur Trausti Jónsson heldur fyrirlestur um veðrið í Óskju, Náttúrufræðahúsi Háskólans, sem hann nefnir: Veðursfarsbreytingar – hækkun hita eða eitthvað meira? Trausti kann öðrum mönnum betur að gera hið sígilda umræðuefni þjóðarinnar að djúpu athugunarefni og skoðar spár manna um veðursfarsbreytingar betur í dag.

JPV útgáfa hefur gengið frá samningi við frönsku útgáfuna Gaia éditions um útgáfu á bókinni Tröllakirkja eftir Ólaf Gunnarsson. Sagan kom upphaflega út árið 1992, hlaut einróma lof gagnrýnenda og var tilnefnd til Íslensku bókmenntaverðlaunanna það árið. Síðar var gert leikverk eftir sögunni og flutt í Þjóðleikhúsinu. Kvikmyndagerðarmenn hafa haft leyfi til að vinna kvikmynd eftir henni um nokkurt skeið.

Ensk útgáfa bókarinnar var tilnefnd til IMPAC verðlaunanna í Dublin. Tröllakirkja var gefin út á þýsku síðastliðið haust og vakti mikla athygli í þýsku pressunni. Í dagblaðinu Frankfurter Allgemeine Zeitung var sagt til dæmis að Ólafur Gunnarsson sé sá íslenskra samtímahöfunda, „sem hefur með einna áhrifamestum hætti tekið upp þráðinn frá honum mikla starfsbróður sínum, Halldóri Laxness“. Áður hefur Tröllakirkja komið út í Bretlandi og útgáfan gekk

nýverið frá samningi við tékkneskan útgáfanda. Forlagið Gaia éditions gefur út fjöldann allan af bókum ár hvert en fyrirtækið var upphaflega stofnað í þeim tilgangi til að koma verkum danska verðlaunahöfundinum Jörn Riel á framfæri.

HÖFUNDUR-
INN ÓLAFUR
GUNNARSSON



> Dustaðu rykið af

Ljóðabókum Einaris Más Guðmundssonar ef þú varst svo heppinn að kaupa þær á sínum tíma af skáldinu á götuhorni: Er nokkur í kórónafötum hér inni?, Sendisveinninn er einmana, og Róbinson Krúsó snýr aftur. Ef ekki þá eru þær allar í safni hans frá 2002 – Ljóð 1980-1995.

Ný bók er að koma í verslanir í vikunni svo gott er að skoða piltinn frá byrjun. Einar er jú fyrst og fremst ljóðskáld.

menning

menning@frettabladid.is



Þjóðleikhúsið fyrir alla!

STÓRA SVIÐIÐ kl. 20:00

STÓRFENGLEG eftir Peter Quilter

4. sýn. lau. 4/11 örfá sæti laus, 5. sýn. sun. 5/11 örfá sæti laus, 6. sýn. lau. 11/11 örfá sæti laus, 7. sýn. sun. 12/11 örfá sæti laus, 8. sýn. lau. 18/11 örfá sæti laus.

SITJI GUÐS ENGLAR eftir Guðrúnu Helgadóttur. Leikgerð Illugi Jökulsson.

Sun. 5/11 kl. 14:00 uppselt, lau. 11/11 kl. 14:00 örfá sæti laus, sun. 12/11 kl. 14:00 örfá sæti laus, lau. 18/11 kl. 14:00 örfá sæti laus, sun. 19/11 kl. 14:00 uppselt, fös. 29/12 kl. 20:00, lau. 30/12 kl. 14:00, sun. 7/1 kl. 14:00.

PÉTUR GAUTUR eftir Henrik Ibsen. Leikgerð Baltasar Kormákur.

Fim. 2/11 örfá sæti laus, fös. 3/11 örfá sæti laus, fim. 9/11 uppselt, fös. 10/11 örfá sæti laus, fim. 16/11, fös. 17.11.

SMÍÐAVERKSTÆÐIÐ aðalbyggingu Lindargötumegin, kl. 20:00

PATREKUR 1,5 eftir Michael Druker.

Lau. 4/11, sun. 5/11, fös. 10/11 örfá sæti laus.

KÚLAN Lindargötu 7, kl. 20:00

UMBREYTING – brúðusýning fyrir fullorðna eftir Bernd Ogrodnik.

Lau. 4/11 örfá sæti laus, sun. 5/11 kl. 17:00, sun. 12/11 kl. 17:00.

LEIKHÚSLOFTIÐ aðalbyggingu, kl. 11:00 og 12:15

SKOPPA OG SKRÍTLA eftir Hrefnu Hallgrímsdóttur.

Lau. 4/11 kl. 11:00 uppselt og kl. 12:15 uppselt, sun. 5/11 kl. 11:00 uppselt og kl. 12:15 uppselt, lau. 11/11 kl. 11:00 uppselt og kl. 12:15 uppselt, sun. 12/11 kl. 11:00 uppselt og kl. 12:15 uppselt.

Gjafakort í Þjóðleikhúsið opnar ævintýraheim!



Miðasala í síma 551 1200 og á netinu www.leikhusid.is
Afgreiðsla er opin kl. 12:30 – 18:00 mán. – þri. Aðra daga kl. 12:30 – 20:00.

„UNDRABÖRN ERU ANDSTYGGILEG.“

AMADEUS

RONJA RÆNINGJADÓTTIR

Sun 5/11 kl. 14
Sun 12/11 kl. 14
Sun 19/11 kl. 14
Sun 26/11 kl. 14

MEIN KAMPF

Lau 4/11 kl. 20 Sun 5/11 kl. 20
Lau 11/11 kl. 20 Sun 12/11 kl. 20

VILTU FINNA MILLJÓN?

Fös 3/11 kl. 20 Fim 9/11 kl. 20
Fös 10/11 kl. 20 Fim 16/11 kl. 20

REGÍNA ÓSK ÚTGÁFUTÓNLEIKAR

Í djúpum dal-útgáfutónleikar
Mið 1/11 kl. 21
Miðaverð 2.000

FOOTLOOSE

Sun 5/11 kl. 20 Lau 11/11 kl. 20
Fös 17/11 kl. 20 Fös 24/11 kl. 20

AMADEUS

Lau 4/11 kl. 20 3.sýning Rauð kort.
Sun 12/11 kl. 20 4.sýning Græn kort
Lau 18/11 kl. 20 5.sýning Blá kort
Sun 19/11 kl. 20 6.sýning

BRILLJANT SKILNAÐUR

Fim 2/11 kl. 20
Fim 9/11 kl. 20
Fim 16/11 kl. 20

DOGMA LEIKARANS

Sólarferð höf. Guðmundur Steinsson
Sýnt á 3ju hæðinni

MANNTAFL

Fös 3/11 kl. 20
Fös 10/11 kl. 20
Sun 19/11 kl. 20

FJÖLSKYLDUSÝNING ÍÐ

Lau 4/11 kl. 17 Lau 11/11 kl. 17 Miðaverð 1.000

Aðeins þessar sýningar.

Lau 11/11 kl. 14 Frums.
Lau 18/11 kl. 14 Lau 25/11 kl. 14

Fritt fyrir 12 ára og yngri

Miðasala 568 8000
www.borgarleikhusid.is

BORGARLEIKHÚSIÐ

REYKJAVÍK.COM
REYKJAVÍK MAG

Gleymt borgarskáld

Þess er nú minnst að Elías Mar gaf út sína fyrstu bók fyrir sextíu árum, Eftir örstuttan leik. Hann var 22 ára gamall, borgarbarn, og ekki stóð að honum borgaraskapurinn heldur fólk sem stóð lágt á strái.

Hann var sprottinn úr lágstétt bæjar, sem ekki var hægt að kalla borg með nokkru móti, þótt byggðin hefði breiðst út og þétt með braggahverfum erlends setuliðs.

Fyrsta skáldsaga Elíasar var gefin út 1946 í þar hundruðum eintaka á forlagi Helgafells í ríki smjörlikiskóngsins og menningarforkólfsins Ragnars Jónssonar í Smára.

Á næstu fimmtán árum var Elías afkastamikill sagnahöfundur: Man ég þig löngum (1949), Vögguvísa (1950) og Sóleyjarsaga í tveimur hlutum 1954 og 1959. Hann beinir í þessum sögum sínum athyglinni að borgarbörn-



BÓKMENNTIR Elías Mar, frumkvöðull í sögum bæjar að breytast í borg.

unum, ungum karlmönnum í reiðleysi næturlífsins, unglingum í krimmagengjum, og ungri konu og umhverfi hennar í braggahverfunum. Og hann er ekki einn: svipuð og keimlík jaðarefni bæjar sem er að breytast í borg koma upp í textum eftir Ástu Sigurðardóttur, Jökul Jakobsson, Agnar

Dórðarson. Þetta eru tímar óvissu og dauðageigs.

Engar af bókum Elíasar eru fánlegar á markaði í dag: lengst af var hægt að komast yfir seinni hluta Sóleyjarsögu, en hitt allt rétt eins og smásagnasöfnin hans var erfitt að ná í nema á almenningsöfnum. Að vísu var Vögguvísa gefin út í skólaútgáfu 1979 með neðanmálsskýringum á tutugu ára gömlu slangri Reykjavíkur, en að öðru leyti er skáldskapur Elíasar ófánlegur á markaði. Og þar með vantar lesendur stóran hlekk í samhengi bókmennta um miðja öldina, rétt eins og það sé hagsmunamál menningarinnar á Íslandi að gleyma, þurrka út það sagnaskáld Reykjavíkur sem gleggst skráði tilurð borgarinnar.

Hjálmar Sveinsson útvarpsmaður kallar þetta skandal í Lesbók Morgunblaðsins á laugardag. Með því vísar hann til þess vanda sem er að verða æ alvarlegri í íslensku bókmenntalífi: við viljum ekki, kunnum ekki að meta eldri verk höfunda okkar. Svo hefur nýjungagirninn leikið okkur.

Oft hafa áhugamenn um bókmenntir hugleitt hvers vegna rödd Elíasar Mar hljóðnaði. Reyndar gaf hann út sögur og ljóð eftir sinn árangursríka tíma við sagnaskáldskapinn frá tvítugu til þrjátíu og fimm ára aldurs. En hann var búinn að skila sínu. Móðernisminn var að hvolfast yfir sagnaskáldin og tískan heimtaði aðra og nýrri spámenn.

Sumir hafa kennt um óblíðum viðtökum sem síðari hluti Sóleyjarsögu hafi fengið hjá gagnrýndum. Víst er að skáldskapur Elíasar Mar passaði illa inn í þá mynd sem Viðreisn og stjórn Reykjavíkurborgar vildu hafa uppi um svip höfuðborgarinnar. Elías var vinstrisinnaður og fór ekki dult með kynvitund sína. Hann var jaðarmaður og brátt leið að því að inn á veginn sem hann hafði farið, gengu Steinar Sigurjónsson, Guðbergur Bergsson, Dagur og Megas. Leiðin kven-skálda var önnur og hópurinn ekki stór og misleitur.

Því er hollt að minnast þeirra tímamóta sem Elías Mar lýsti best í sögu borgarinnar og þjóðlífsins. Þess vegna er brýnt að koma skáldsögum hans aftur á prent. Ef einhver útgáfandinn þorir. - pbb

Strengjaleikhúsið í samvinnu við íslensku óperuna

SKUGGALÉIKUR

Ný íslensk ópera eftir Karólínu Eiríksdóttur, Sjón og Messíönu Tómasdóttur

Frumfýning 18. nóvember kl. 20
2. sýning 25. nóvember kl. 20
3. sýning 2. desember kl. 20

ATH! AÐEINS ÞESSAR ÞRÍJAR SÝNINGAR



STRENGJALEIKHÚSIÐ ÍSLENSKA ÓPERAN

www.opera.is | opera@opera.is | Sími: 511 4200

Miðasalan er opin alla daga nema mánudaga kl. 14-18 og fram að sýningu sýningardaga. Símasala kl. 10-18 þriðjudaga - föstudaga. Miðasala á Netinu allan sólarhringinn.

danny and the deep blue sea

“pönkuð ástarsaga”

Frumfýning:
fim 2. nóv kl. 20:00

Sýningar

fös 3. nóv kl. 20:00 uppselt

fös 3. nóv kl. 22:00 uppselt

lau 4. nóv kl. 20:00

lau 4. nóv kl. 22:00

Aðeins þessar sýningar

Miðaverð kr. 2000

Sýningin fer fram á ensku

ROCK'N ROLL í 50 ár á Íslandi

Vegna mikillar aðsóknar og fjölda áskorana verða aukatónleikar í Austurbæ 25. og 26. október kl. 20.00
Kynnir: Þorgeir Astvaldsson
Miðaverð kr. 2000

Miðasala Austurbæjar opin 13 - 17 alla daga sími : 551 4700

Sýnt í lönó

BEST
Í HEIMI

Frumfýning	Uppselt	28. okt.
Laugardagur		4. nóv.
Sunnudagur		5. nóv.
Föstudagur		10. nóv.
Laugardagur		11. nóv.
Laugardagur		18. nóv.
Sunnudagur		19. nóv.
Miðasala er opin virka daga frá kl. 11-16 og 2 tímum fyrir sýningar.		
Sími 5629700 www.idno.is Sýningar kl. 20		



HERRA KOLBERT í upphafi kvölds þegar allir eru settlegir, sumir vilja vin, aðrir ekki. GRÍMUR BJARNASON/LA

Leikir og gleði á Akureyri

HERRA KOLBERT

Leikfélag Akureyrar

Höfundur: David Gieselmann Þýðing: Bjarni Jónsson Leikstjórn: Jón Páll Eyjálfs-son Leikmynd og búningar: Íris Eggertsdóttir Lýsing: Björn Bergsteinn Guðmundsson Tónlist og hljóðmynd: Hallur Ingólfsson Gervi: Ragna Fosberg Leikendur: Guðjón Davíð Karlsson, Unnur Ösp Stefánsdóttir, Edda Björg Eyjólfsdóttir, Gísli Pétur Hinriks-son, Ólafur Steinn Ingunnarson

Það var dimmt yfir í aðfluginu á laugardag er komið var að Akureyrarflugvelli. Túnin voru með klakaskán og blautt yfir svo dauf speglun var á öllu. Það var að kólna með kvöldinu og fólk hélt um sig flúkum á hlaupum í skjól.

Það var ekki mikið skjól sem David Gieselmann bauð persónum sínum uppá í lífinu í leiknum síðar um kvöldið. Þær voru nánast á berangri og vissu ekki hvert átti að halda í lífinu. Þeim leiddist svo í allsnægtum og hvað er þá betra en leggjast í smástríðni, skapa einhver læti, koma óróa af stað.

Ralf og Sara eiga von á gestum heim til sín í hvíta speisið sem þau kalla heimili. Þar er allt uppá stælinn og stíllinn. Naumhyggjan hefur verið ráðandi svo lengi að hífli eins og þau sem Íris Eggertsdóttir býður upp á er okkur flestum kunn þótt enginn vildi búa í þeim. Þau eru svo kuldaleg. Ralf er kaosfræðingur en Sara vinnur í bókhaldsfyrirtæki, skilst manni. Þau eru bæði grónn og smart og hress og skemmtileg og staðráðin í að leika sér svolítið með gestina sem eru að koma: Elínu sem vinnur með Söru og mann hennar, sem þau hafa aldrei hitt, Bastían arkitekt.

Og svo koma gestirnir. Þetta virðist við fyrstu kynni vera gamansamt verk um nútímafólk með skarpri skynjun á lífsháttum ungs fólks. Það er fyndið og víða hlegið og krakkarnir fjórir sem eru á sviðinu mest allan tímann eru geðfelld. Sumir soldið bráðir og það er sagt meira og spunnið er skynsamlegt er. Það er pöntuð pitsa því gestgjafarnir elda aldrei og verður úr mikið klúður og skemmtilegt. Aumingja sendillinn fær sitt.

David Gieselmann hefur skrifað býsna gott leikrit um siðleysi okkar tíma, lífsleiða og blekkingu undir velsæmi og yfirborði borgaralegra háttá. Það er undra skarpt í greiningu sinni á persónunum, mest þremur, minna tveimur, og þegar á hölm-inn er komið er höfundurinn algerlega miskunnarlaus.

Það var fjári gaman á frumsýningunni: hlegið dátt og innilega á mörgum stöðum, misjafnlega hátt og lengi en víða kitlaði textinn og leikurinn svipbrigði manna. Svo þegar gamanið tók

að kárna sveiflaðist salurinn milli undrunar, furðu, ofboðs og hláturs aftur. Á örskoti var manni hent hornanna á milli.

Það er semsagt ekki allt sem sýnist hjá hjónunum ungu og gestum þeirra. Má ekki segja meira og allt það.

Sviðsetning Jón Páls Eyjólfssonar á þessu nýlega meginlandsverki er vel unnin í þaula. Búningar, gervi, lýsing og leikmynd – allt er þetta fyrsta flokks og við hæfi. Tónlistarmillikaflar eru notaðir af hugviti og keyra atburðarásina upp.

En það sem gerir þessa kvöldstund að eftirminnilegri reynslu, svo að maður er á háskalegri egg hláturs og ... dapurleika, er frábær leikur leikaranna fimm sem þarna eru í miklu návígi allan tímann. Víst hefur leikstjórnin sýnt þeim þann sóma að vinna með þeim í þaula þessar persónur, en kvöldið var sannarlega þeirra. Þau hafa misjafna reynslu, persónulegan stíl, sum jafnvel komin með kæki, en Jón Páll hefur stillt þau saman í öflugra vél.

Það er fyrst til að telja fram-sögnina á textanum, hraða og hæga með finum blæbrigðum þar sem margt getur verið á kreiki í senn. Í annan stað reynir sýningin mikið á líkamlegt atgervi og það er í henni eitthvað hikleysi sem er í senn hættulegt og lifandi. Í þriðja stað er þetta ósýnilega sem svo erfitt er að festa reiður á í leik án hlés í eina og hálf klukkustund: hvernig leikarinn byggir allt saman í boga frá upphafi til enda: þar skín Edda Björg Eyjólfsdóttir skærast enda gefið það hlutverk sem býður uppá glæstast bogasmið í verkinu, hlutverk Elínar.

Skapperó og athafnir Gísli Péturs kalla á brattari ris og meiri stökk í hinum bráða arkitekt en hann er afbragð, háskalegur í ofbeldinu, yndislega hvekkur þegar á hann er leikið.

Andstæða hans er hinn siðblindi kaosfræðingur. Guðjón Davíð er illa haldinn einkennum hins félagslega pata: sjarmerandi og elskulegur og fær í hvaða illvirki sem er. Unnur Ösp er honum hæf sem frú Makbeð – nema hér er allt gert til leiks. Ólafur er sendillinn umkomulausi og gerir úr litlu afar athyglisverða mannsmynd.

Herra Kolbert er glæsilega unnið sviðsverk með skínandi beittan brodd í umbúðum smartheita og fáránlegrar skemmtunar. Starfshópurinn allur hefur skilað frábæru verki og illa er ég svikinn ef norðanmenn og nágrennar þyrpast ekki í samkomuhúsið til að sjá þessa fínu vinnu.

Páll Baldvín Baldvínsson

Niðurstaða Frábær skemmtun – alvöru hrollur. Flott verk, flottur leikur, flott sýning.



JÓLAHLAÐBORÐ Í MIÐBORGinni

JÓHANNES KRISTJÁNSSON OG SVITABANDIÐ SKEMMTA!

LÍDÓ VEISLUSALUR

Fyrir þá sem vilja njóta jólastemningarinnar í miðbænum til fullnustu er Lídó spennandi, nýr valkostur. Lídó er glæsilegur veislusalur á horni Ingólfsstrætis og Hallveigarstígs sem býður ómótstæðilegt jólahlaðborð.

ALLIR FARA GLÆDIR HEIM

Á Lídó gengur þú ekki bara að góðum mat og þjónustu vísri heldur einnig skemmtiatriðum sem enginn verður svikinn af. Jóhannes Kristjánsson eftirherma sér um gamanmál eins og honum einum er lagið, og Svitabandið heldur uppi fjörinu af alkunnri snilld.

Dekraðu við þig á aðventunni og pantaðu jólahlaðborð á Lídó!

Verð 6.700 kr. á mann.



VEISLUKOMPANÍIÐ
IÐUSALIR · LÍDÓ · VEISLUÞJÓNUSTA

Nánari upplýsingar og borðapantanir í síma 517 5020 www.idusalir.is



Stewart styður McCartney

Rod Stewart lýsti því yfir í útvarpsviðtali við Chris Evans að þótt McCartney hefði tekið inn ólögleg vímuefni væri hann ekki maður sem lemdi konuna sína. Heather Mills væri bara lygari og að McCartney ætti ekki að gefast upp fyrir henni. „Hann á að berjast fyrir því að endurheimta heiður sinn,“ sagði Stewart.

Fjöldi fólks hefur kvatt sér hljóðs í þessu mikla fjölmiðlafári og sagði leikarinn Victor Spanetti, sem lék meðal annars í bítlamyndinni A Hard Day's Night, að Heather hefði markvisst



HEATHER MILLS

Að öllum líkindum hataðasta manneskjan í Bretlandi og verður forvitnilegt að sjá hvernig réttarhöldin þróast en þau hefjast í byrjun næsta árs.

reynt að komast uppá milli Pauls og stjúp dóttur hans, Heather Louise, en hún er dóttir Lindu McCartney af fyrra hjónabandi. „Ég held að Heather hafi haldið að Paul myndi láta undan fyrir rest og hún yrði við stjórnvölinn en Paul hefur sitt stolt,“ sagði Victor í samtali við breska blaðið The Sun.

PAUL MCCARTNEY

Á stuðning flestra í Bretlandi en hefur sjálfur lítið tjáð sig um málið fyrir utan yfirlýsingar í gegnum lögfræðinga sína.



ROD STEWART Styður sinn mann Paul McCartney og segir að hann sé ekki þannig manngerð að hann myndi lemja konuna sína.

Helgi Valur gerir rappplötu

Húsvíski trúbadorinn Helgi Valur hefur ákveðið að venda kvæði sínu í kross og hella sér út í rappið.

„Ég hef mikla ástríðu fyrir hip-hop-tónlist,“ segir Helgi Valur sem vinnur nú að sinni fyrstu rappplötu. Helgi Valur er hvað þekktastur sem trúbador og vann meðal annars trúbadorakeppni Rásar tvö um árið. Hann sannaði hins vegar svo um munaði á Air-waves-hátíðinni að hann á auðvelt með að flakka milli strauma og stefna. Hingað til hefur hann komið einn fram en mætti í Þjóðleikhúskjallarann á dögnum með fullskipaða hljómsveit. Framan af hélt hann sig við léttleikandi popplög en um miðbik tónleikanna vatt hann kvæði sínu í kross og hóf að rappa af miklum móð, til dæmis lagið Gin&Juice eftir Snoop Dogg.

„Þetta er alls ekkert grín,“ áréttar Helgi Valur. „Sumum kemur það kannski spáskt fyrir sjónir að ég skuli vera hugljúfur trúbador eina stundina og harður rappari þá næstu, en þetta er afsprengi póstmóðernismans. Það eru ekki lengur nein landamæri innan tónlistarinnar og allt er leyfilegt. Ég vil ekki binda mig við ákveðna kví.“

Helgi Valur byrjaði að hlusta á hip-hop-tónlist fyrir röskum áratug og annað komst ekki að næstu fjögur árin. Mest dálæti hefur hann á Tupac Shakur og hefur meira að segja látið húðflúra nafn rapparans sáluga á brjóst sitt. „Tupac var stórkostlegur listamaður, ekki síst sem textasmíður, og hefur oft veitt mér innblástur.“

Helgi vinnur nú að plötunni The Black Man is God, the White Man is the Devil en þar er á ferð trúbadoraskotin rappplata. „Ég var orðinn hundleiður á síbylju á borð við James Blunt og ákvað að fara nýjar leiðir. Þannig að á þessari plötu er ég með gítarinn en í stað þess að syngja þá rappa ég.“

bergsteinn@frettabladid.is

HELGI VALUR Er með nafn rapparans sáluga Tupac Shakur húðflúrað á brjóst sitt.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFAN



STÓR FJÓLSKYLDA Angelina Jolie og Brad Pitt eru greinilega miklir barnavinir því nú ætla þau að ættleiða í þriðja sinn og mundi það verða fjórða barn þeirra skóthjúga.

Pitt og Jolie ættleiða á ný

Stjörnuþarið Angelina Jolie og Brad Pitt eru nú að íhuga að ættleiða eitt barn í viðbót og frá Indlandi í þetta skiptið. Párið á fyrir tvö ættleidd börn, Maddox sem er frá Kambódíu og Zahara frá Eþíópíu ásamt því að eiga hina nýfæddu Shiloh saman. Samkvæmt blaðinu Globe Magazine eru Pitt og Jolie búin að leggja inn beiðni til að fá að ættleiða barn frá Indlandi en parið er stutt þar á landi þessa dagana við upptökur á myndinni „A Mighty Heart“ þar sem Jolie leikur aðalhlutverkið og að Pitt framleiðir myndina.

Brad Pitt mun víst hafa óskað eftir því að fá lítinn indverskan strák en Angelina segist ekki getað lofað honum að hún muni ekki vilja litla stelpu.



SÁLIN Í HÖLLINI Nýja lagið var frumflutt á tónleikum Sálariðinnar og Gospelkórs Reykjavíkur í Laugardalshöll.

Sálin með nýtt lag

Nýtt lag með Sálinni hans Jóns míns, Þú trúir því, er komið í útvarpsspilun. Lagið er eftir Guðmund Jónsson og Stefán Hilmars-son og syngur Stefán lagið ásamt Þóru Gísladóttur úr Gospelkór Reykjavíkur.

Lagið var einmitt frumflutt á vel heppnuðum tónleikum Sálariðinnar og Gospelkórsins í Laugardalshöll fyrir rúmum mánuði ásamt öðru nýju lagi.

Verið er að leggja lokahönd á upptökur frá tónleikumunum og koma þeir út á plötu og mynddiski um miðjan næsta mánuð.



SÆTAR Í SÓFANUM Þær Begga, Hulda og Rán voru hressar í opnunarteiti Deco.



FLOTTUR Staðurinn er fallegur ásýndar og var almenn ánægja gesta með hann.



LÉTU FARA VEL UM SIG Jóhann Albertsson, Margrét Stefánsdóttir, Magdalena Kristinsdóttir og Ingi Björn Albertsson létu fara vel um sig í horni staðarins.



EIGENDURNIR Þeir Vésteinn, Einar, Magnús og Geir, eigendur staðarins, voru ánægðir með útkomuna.



KATE WINSLET Segist aldrei ætla að koma nakin fram á hvíta tjalduin aftur.

Ekki nakin

Leikkonan Kate Winslet segist aldrei líða verr en þegar hún þarf að koma nakin fram á hvíta tjalduinu. Winslet þarf að gera það í nýjustu mynd sinni „Little Children“ og segist hún hafa vaknað með hræðilega tilfinningu daginn sem taka átti atriðið upp. „Ég er búin að lofa sjálfri mér að núna ætli ég ekki að koma nakin fram aftur.“

Kate Winslet hefur þó berað sig í nokkrum kvikmyndum, meðal annars Titanic, Holy Smoke og Heavenly Creatures þannig að það má eiginlega segja að þetta séu þó nokkur nýmæli af hálfu Winslet.

Strax komin í vandræði

Leikkonan unga Lindsay Lohan hefur nú þegar lent í deilum við nágranna sína, jafnvel þótt hún sé ekki einu sinni flutt inn. Lohan festi nýlega kaup á íbúð í Sierra Towers í Hollywood og eru íbúar blokkarinnar ekki þar ánægðir með nýjasta meðlim blokkarinnar. Einn íbúinn sagði við bandaríska slúðurblaðið Life



LINDSAY LOHAN

and Style Magazine að þau vildu ekki fá Lohan inn í blokkina með papparazzi ljósmyndara og partístand sitt. „Hennar líferni passar ekki við aðra íbúa hússins,“ sagði nágranninn en meðalaldur lúxusblokkarinnar er um 60 ár. „Við vonum að hún hætti bara við að flytja inn,“ segir íbúinn vongóður.

Fjöldi manns fagnaði opnun Deco

Á dögnum var opnaður nýr veitingastaður sem ber nafnið Deco. Veitingastaðurinn er til húsa í Austurstræti 12 og því nýjasta viðbótin í þessari götu en stöðugur uppgangur er í þessu hjarta miðborgarinnar. Mikill fjöldi gesta var staddur á opnuninni og munu eflaust enn fleiri forvitnir reka inn nefið á næstu dögum til að kynna sér matseðil staðarins.



SÆTAR Í SÓFANUM Þær Begga, Hulda og Rán voru hressar í opnunarteiti Deco.



FLOTTUR Staðurinn er fallegur ásýndar og var almenn ánægja gesta með hann.



LÉTU FARA VEL UM SIG Jóhann Albertsson, Margrét Stefánsdóttir, Magdalena Kristinsdóttir og Ingi Björn Albertsson létu fara vel um sig í horni staðarins.



EIGENDURNIR Þeir Vésteinn, Einar, Magnús og Geir, eigendur staðarins, voru ánægðir með útkomuna.

Sléttujárn á börum

Nú hefur ný gerð sjálfsala bæst í hóp þeirra sem drotnað hafa yfir almenningsklósettum erlendis um árabíl. Frumkvöðlarnir Richard Starrett og Neil Macka hafa búið til sléttujárnssjálfsala sem smellpassar inn á kvennaklósett á finni börum, líkamsræktarstöðvum og þar fram eftir götunum. Samkvæmt springwise.com voru kumpánarnir orðnir þreyttir á að hlusta á vinkonur sínar kvarta yfir „slæmum hárdögum“, en það fyrirbrigði er vel þekkt kvenkyns íbúum hins vinda- og veðrasama Íslands. Fyrir eitt pund má nú kaupa einnar og hálfar mínútu afnot af



SLÉTTUJÁRN
Selt í sjálfsölum í Bretlandi.

hágæða GHD-sléttujárni og þannig lagfæra úfnar hárgreiðslur eftir nokkurra mínútna bið í röð. Sjálfsalarnir eru nú þegar komnir á fimm hundruð sölustaði í Bretlandi og búast þeir félagar við enn frekari vinsældum. Vel má ímynda sér að sjálfsalarnir hefðu rokið út hér heima við væru þeir komnir á markað, því Airwaves hátíðin sem nú gengur í garð hefur væntanlega langar biðraðir og nokkurn vind í för með sér fyrir vel tilhafðar stúlkur.

Saman eftir tíu ár

Hljómsveitin Genesis ætlar að fara í tónleikaferð um heiminn, tíu árum eftir að forsprakinn Phil Collins yfirgaf sveitina.

Genesis gerði garðinn frægan á áttunda og níunda áratugnum og seldi hún yfir 130 milljónir plötum um heim allan. Sveitin var stofnuð af Peter Gabriel, Mike Rutherford og Tony Banks á sjöunda áratug-



PHIL COLLINS Forsprakki Genesis ætlar í tónleikaferð með sinni gömlu sveit.

um. Collins gekk til liðs við sveitina árið 1970 sem trommuleikari. Eftir að Gabriel hætti 1975 gerðist Collins söngvari og þá náði Genesis fyrst almennum vinsældum með lögum á borð við I Can't Dance, Mama og Invisible Touch. Eftir að Collins hætti í sveitinni fyrir tíu árum hefur hún legið niðri þar til nú.

Disney styður Gibson

Walt Disney-fyrirtækið hefur komið til hjálpar vegna meiðandi ummæli hans um gyðinga. Talsmaður Disney, Dennis Rice, segist vera sannfærður um að ný mynd Gibson muni njóta mikilla vinsælda þrátt fyrir þau skakkaföll sem leikarinn hefur þurft að ganga í gegnum. „Ef myndin er góð á fólk eftir að sjá hana. Mel Gibson hefur sýnt að hann er góður kvikmyndagerðarmaður.“



MEL GIBSON Nýtur fulls stuðnings hjá forráðarmönnum Disney.



NICOLE RICHIE Hefur átt í vök að verjast vegna fjaðurvigtar sinnar.

FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Þreytt á fjaðurvigt

Nicole Richie hefur leitað til lækna vegna þyngdar sinnar, eða skorts á þyngd. Simple Life-stjarnan hefur verið lögð inn til að gangast undir ýmiss konar rannsóknir, en hún vill fá svör við því af hverju henni reynist svo erfitt að bæta á sig kílóum. Talsmaður stjörnunna hefur ítrekað að Nicole þjáist ekki af átröskun, heldur hafi hún eðlilegar áhyggjur af heilsu sinni, en Nicole sagði í viðtali við Vanity Fair í maí að hún væri meðvituð um að hún væri of grönn og vildi aðstoð við að þyngjast. Tökur á fimmtu þáttaröð Simple Life standa nú yfir, en þeim verður frestað fram í miðjan nóvember vegna vandræða Nicole.



JOSH GROBAN Söngvarinn vinsæli er að gefa út sína þriðju plötu.

FRÉTTABLAÐIÐ/GETTYIMAGES

Þriðja plata Josh Groban

Söngvarinn Josh Groban gefur út nýja plötu þann 6. nóvember sem nefnist Awake. Groban sló í gegn hér á landi með sínum tveimur fyrstu plötum, Josh Groban og Closer. Báðar hafa þær selst á heimsvísu í þrettán milljónum eintaka. Meðal annars er á nýju plötunni lagið You Are Loved (Don't Give Up) sem hefur hljómað í útvarpi að undanförunum.

Á plötunni nýtur Groban aðstoðar listamanna eins og Ladysmith Black Mambazo, Dave Matthews, Glen Ballard og Herbie Hancock.

STEBBI OG EYFI

- eru komnir í Skífuna



NÝ PLATA FRÁ STEBBA OG EYFA

INNIHELDUR M.A.
VINSÆLASTA LAG LANDSINS*
Í DAG „GÓÐA FERÐ“
EINNIG ÚTGÁFU AF
„DRAUMUR UM NÍNU“
OG NÝJA SMELLINN
PÍNULÍTIÐ LENGUR

*skv. Netlista tonlist.is

2.199kr.

1.760kr.

SOULHEIMAR

Kíktu og hlustaðu: www.ftt.is/stebbiogeyfi

Skífan fellir niður VSK af öllum vörum
Tónlist, tölvuleikjum og DVD myndum

Höfum opnað nýjar og glæsilegar verslanir
í Kringlunni, Smáralind og Laugavegi



SKÍFAN Í 30 ÁR

www.haskolabio.is



BESTA MYND MARTINS SCORSESE TIL ÞESSA

BYGGD Á MEITSÖLUBÓK ARNALDAR INDRIDASONAR

Vardveitt líf mitt fyrir ógnum óvinarins

KVIKMYND EFTIR BALTASAR KORMÁK

FRÉTTABLAÐIÐ

20% AFSLÁTTUR FYRIR VIÐSKIPTAVINI Í GULLVILD OG PLATÍNÍUM GLITNIS MED GREIÐSLUKORTI FRÁ GLITNI

SJÁIÐ EINA BESTU MYND ÁRSINS. BETRI LEIKHÓPUR HEFUR EKKI SÉST Í KVIKMYND Í LANGAN TÍM.



UPRUNALEGU PARTÍÐYRIN ERU MÆTT

ÞAU STÓR BERTI KLÓBUNNI

BEJARHLADIÐ BARNYARD

SYNDIR Í BILUM OG ENGU SAGU

FRÁKKA GRINTEKIMYNDIR TIL ALLA Í ÖLSKYTNA



Þegar hættan steðjar að ... fórna þeir öllu

Frá leikstjóra "The Fugitive"

THE GUARDIAN

Ekkí missa af kraftmestu spennumynd ársins.



BESTA MYND MARTINS SCORSESE TIL ÞESSA

TV KVIKMYNDIRIS

V.I.V. TOPPSÍS

THE DEPARTED

SJÁIÐ EINA BESTU MYND ÁRSINS. BETRI LEIKHÓPUR HEFUR EKKI SÉST Í KVIKMYND Í LANGAN TÍM.



ORFÁR SYNINGARI

LES MAUVAIS JOUEURS

HINIR TAPSÁRU

WORLD TRADE CENTER

THE QUEEN



MATERIAL GIRLS



Jackass number two



Beerfest



HINIR TAPSÁRU



THE QUEEN

SAMBÍOIN / ÁLFABAKKA			SAMBÍOIN / KRINGLUNNI			SAMBÍOIN / KEFLAVÍK			SAMBÍOIN / AKUREYRI		
THE DEPARTED	kl. 5 - 7 - 8 - 10:10	B.1.16	THE DEPARTED	kl. 5:30-8:30-10	B.1.16	MYRIN	kl. 8	B.1.12	THE DEPARTED	kl. 6 - 9	B.1.16
THE DEPARTED VIP	kl. 5 - 8		BEJARHLADIÐ	kl. 6	Leyf.	GUARDIAN	kl. 10:10	B.1.12	WORLD TRADE CENTER	kl. 8 - 10:30	B.1.12
BEJARHLADIÐ	kl. 4 - 6	Leyf.	THE GUARDIAN	kl. 10:10	B.1.12	THE TEXAS CHAIN...	kl. 10	B.1.18	MATERIAL GIRLS	kl. 6	Leyf.
BARNYARD	kl. 4 - 8 - 10:10	Leyf.	MATERIAL GIRLS	kl. 8	Leyf.	DEVIL WEARS PRADA	kl. 8	Leyf.	THE GUARDIAN	kl. 8	B.1.12
JACKASS NUMBER TWO	kl. 3:40-5:50-8-10:10	B.1.12	BEERFEST	kl. 8	B.1.12						
ÓBYGGDIRNAR	kl. 4	Leyf.	THE THIEF LORD	kl. 6	Leyf.						

HAGATORGI • S. 530 1919

Fínn ruddakrimmi

[KVIKMYNDIR]

UMFJÖLLUN

Martin Scorsese er í toppformi í The Departed sem er tvímæla-laust langbesta glæpamynd sem ratað hefur í kvikmyndahús í háa herrans tíð. Hún þolir vel samanburð við bestu glæpamyndir leikstjórans, Goodfellas, Casino og Taxi Driver, og er hársbreidd frá því að standa jafnfætis þeim.

Það klikkar þó ekkert í The Departed. Sagan er áhugaverð og spennandi, leikurinn í flestum tilfellum frábær, tónlistin vel valin og kvikmyndatakan eins og best verður á kosið.

Handritið byggir á Hong Kong myndinni Infernal Affairs og áhrifin eru augljós og hin sérstaka austræna byssubófastemning nýtur sín löglega vel í vestrænu dulargervi í Boston þar sem írsk- og ítalskættaðar löggur og bófar berast á banaspjót.

Glæpaforinginn Frank Costello (Jack Nicholson) er prímusmótor myndarinnar. Atburðarásin hverfist um hann og Nicholson, sem er í miklum jötnumóð, keyrir myndina áfram. Hann á fyrstu setningar myndarinnar, grípur áhorfandann strax traustataki og myndin rígheldur frá fyrsta ramma.

Costello er útsmoginn og ofbeldisfullur siðblandingi sem kemur ungum manni úr sínum röðum, Colin Sullivan (Matt Damon), fyrir innan sersveitar lögreglunnar sem einbeitt sér að því að koma lögum yfir hann. Á sama tíma plantar lögreglan sínum manni, Billy Costigan (Leonardo DiCaprio), við hlið Costigans. Báðir hópar komast að því að svikari er meðal þeirra og ungu upp-ljóstrararnir tveir eiga allt undir því að afhjúpa hvor annan, þar sem sá sem fyrr verður flett ofan af mun ekki þurfa að kempa hærnar.

DiCaprio er að verða óskabarn Scorseses, rétt eins og Robert De



THE DEPARTED

LEIKSTJÓRI: MARTIN SCORSESE

ÁÐALHLUTVERK: JACK NICHOLSON, LEONARDO DICAPRIO, MATT DAMON, RAY WINSTONE

Niðurstaða: The Departed flokkast með bestu myndum Scorseses. Hér klikkar ekkert í firnastrerki glæpamynd sem rígheldur frá fyrsta ramma. Frábær leikur, spennandi saga, svik, ofbeldi og þjáning. Þetta verður ekki mikið betra. Toppmynd.

Niro á árum áður, og það er sláttur á drengnum í hlutverki löggunnar sem sogast dýpra og dýpra ofan í heim glæpa og ofbeldis. Damon gefur honum lítið eftir sem svikarinn innan lögreglunnar en sá dagfarsprúði piltur verður æ ógeðfældari eftir því sem á líður.

Það er einnig völlum á gömlu brýnunum Martin Sheen og Alec Baldwin sem standa sig býsna vel. Þá er Mark Wahlberg hörkugóður og þrælskemmtilegur í hlutverki geðstirðrar löggú og breski nagl-inn Ray Winstone skautar í gegnum rullu ofbeldisfauta.

Matreiðsla Scorseses á ruddalegu ofbeldi og drápum er sem fyrr til hreinnar fyrirmyndar en rétt eins og í lífinu sjálfu blossar ofbeldið upp óvænt og hefur ógeðslegar afleiðingar. Ofbeldisatriðunum er slengt framan í áhorfendur sem komast ekki hjá því að þjást með persónunum.

Scorsese hefur alla þræði í styrkri hendi, fléttar þá saman í firnasterka og áhrifarika heild og skilar fyrsta flokks glæpamynd sem heldur áhorfandanum við efnið hverja mínútu og fylgir honum í það minnsta alla leiðina heim.

Þóririnn Þóririnnson

Irwin í South Park

Höfundum South Park teiknimyndanna, Trey Parker og Matt Stone, hefur tekist að gera allt vitlaust enn eina ferðina. Í næsta South Park-þætti, sem sýndur verður í Bandaríkjunum á miðvikudag, kemur ástralski dýravinnurinn Steve Irwin við sögu, en hann lést fyrir aðeins tveimur mánuðum þegar stingskata stakk hann í hjartastað.

Í þættinum segir frá því þegar Kólski heldur grímuball



IRWIN AÐ HÆTTI SOUTH PARK

Fjölskyldu Irwins er stórlega misboðið.

í helvíti. Meðal gesta er fólk á borð við Díönu prinsessu, Adolf Hitler og síðast en ekki síst Irwin, sem mætir með stinginn úr skötunni í hjartastað. Honum er hins vegar vísað úr veislu fyrir að vera ekki í grímubúningi.

Talsmenn fjölskyldu Irwins segja að ekkja hans og börn séu í upp-námi yfir þessu og að smekkleysi Stone og Parkers taki nú yfir allan þjófabálk.

Strandvörður í vandræðum

Strandvörðurinn geðþekki, David Hasselhoff, stendur í erfiðum skilnaði við eigin konu sína Pamela Bach og ásakanirnar ganga á víxl.

Paul McCartney og Heather Mills eru ekki einu stjórnurnar sem standa í ströngu um þessar mundir því David Hasselhoff á í mikilli deilu við fyrrum eigin konu sína Pamela Bach og virðist standa höllum fæti.

The Sun birti fyrir skömmu ítarlega úttekt á skilnaðinum. Samkvæmt Bach á strandvörðurinn að hafa lamið hana og drukkið oft svo ótæpilega að hann hafi átt það til að væta buxurnar sínar. Þá heldur Bach því fram í málskjölunum að Hasselhoff hafi smitað sig af kynsjúkdóminum herpes á brúðkaupsnóttina en þau hafi ákveðið að halda því fyrir sig. Ennfremur heldur eigin konan fyrrverandi því fram að Hasselhoff hafi svívert sig opinberlega og meðal annars boðið kirkjuræknum félag sínum að stunda hópknúlf með sér og Bach.

Hasselhoff og Bach voru gift í sextán ár en ef marka má þær 66 síður sem hefur verið lekið til fjölmiðla er ljóst að hjónabandið hefur verið helvíti á jörðu. The Sun greinir ennfremur frá því að Hasselhoff hafi platað Bach til að skrifa undir kaupmála hálf tíma fyrir brúðkaupið, hann hafi lagst nakinn við hlið dætra þeirra og uppnéft þær öllum nöfnum. „Einu sinni varð ein dóttir okkur svo hrædd að hún hringdi á lögregluna,“ segir Bach en þá hafði Hasselhoff beitt hana miklu ofbeldi.

David Hasselhoff hefur staðfastlega neitað því að hann eigi við



SKELFILEGT HJÓNABAND Ef marka má 66 síðna málskjöl hefur hjónaband Davids Hasselhoff og Pamela Bach verið hreinasta helvíti fyrir Bach.

drykkjuvandamál að stríða þótt margt bendi vissulega til annars. Strandverðinum var meðal annars vísað frá flugvél á Heathrow-flugvelli og var frekar þvoglumæltur á GMTV-hátíðinni fyrir skömmu. Hann sagði meðal annars að Bach hefði verið full í sextán ára afmæli yngri dóttur þeirra og hún hringdi meira en tuttugu sinnum í hann á

dag þrátt fyrir nálgunarbann. Þá fannst kókaín í blóðinu hjá Pamela en Bach vísar öllu á bug og segir ásakanirnar bera vott um sjúkan huga Hasselhoff. Lögræðingur Davids, Melvin Goldsman, sagði að hann væri undrandi á þessum leka til fjölmiðla. „Hann myndi aldrei segja neitt sem myndi særa stelpurnar tvær.“

Clooney mesta karlmennið

George Clooney hefur verið kosinn besti fulltrúi karlkynsins af notendum AskMen.com-vefjarins en alls voru fjörutíu og níu „karlmenni“ nefnd til sögunnar. Jay-Z fylgdi fast á hæla Clooney en skammt undan voru ofurmílljarðamæringurinn Richard Branson og fatahönnuðurinn Tom Ford. Meðal annarra á listanum má nefna Bill Clinton, Tiger Woods og írsku rokkdverginn Bono. Sjónvarpsferðalangurinn Anthony Bour-

dain lenti í 19. sæti og sagðist hann ætla að skjóta einhverja hluti, grillar nokkrar steikur, drekka smá bjór og horfa á vel skipulagða íþróttagein í sjónvarpinu.

Þátttakendur voru beðnir um að kjósa þann mann sem þeir teldu að yrði besti sendiherra karlkynsins og var tekið tillit til greindar, heidarleika og persónuleika.

JAY-Z Rappstjarnan þykir vera mikið karlmenni.



SENDIHERRA KARLMANNA George Clooney þótti skara fram úr sem fyrirmynd annarra karlmanna.

> Ásthildur varð þriðja markahæst

Íslenski landsliðsfyrirliðinn Ásthildur Helgadóttir varð þriðja markahæst í sænsku úrvalsdeildinni sem lauk í gær. Ásthildur skoraði 19 mörk en Lotta Schelin varð markahæst með 21 mark og hin brasilíska Marta varð næstmarkahæst með 20 mörk. Malmö, lið Ásthildar og Dóru Stefánsdóttur, steinlá í lokaumferðinni, 4-0, fyrir meisturum Umea. Malmö varð í fjórða sæti í deildinni og Mallbacken, lið Erlu Steinu Arnardóttur, varð neðst og féll úr deildinni.

sport
sport@frettabladid.is



GYLFI EINARSSON: FÓR Í AÐGERÐ FYRIR UM SJÖ VIKUM EN HANN FÉKK NÝJAN STJÓRA Á DÖGUNUM TIL LEEDS:

Get vonandi byrjað að æfa í næstu viku

Gylfi Einarsson, knattspyrnumaður hjá Leeds á Englandi, hefur ekkert getað leikið með liðinu á tímabilinu vegna meiðsla, en Leeds kom sér úr fallsæti á laugardaginn með góðum sigri á Southend, 2-0. Leeds réð á dögunum Dennis Wise í starf framkvæmdastjóra, en Wise átti skrautlegan feril sem leikmaður á sínum tíma.

„Ég fór í aðgerð fyrir sjö vikum síðan, á mjöðminni á mér. Það þurfti að fjarlægja eitthvert brjósk sem var að angra mig og ég er bara búinn að vera í endurhæfingu síðan. Það gengur bara vel. Læknarnir sögðu að ég yrði frá í þrjú mánuði en ég er jafnvel að búast við að ég geti farið að æfa í næstu viku,“ sagði Gylfi í samtali við Fréttablaðið í gær.

Eins og áður sagði er Dennis Wise nýráðinn framkvæmdastjóri hjá Leeds, en hann tók við því starfi í síðustu viku. Wise hefur lengi haft það orð á sér að vera léttgægjaður. „Ég er búinn að hitta hann aðeins og mér list bara vel á hann. Maður hefur heyrt að hann sé léttur á því en ég held að maður þurfi að vera það til að ná einhverjum árangri. En það er allavega almenn ánægja með hann það sem af er,“ sagði Gylfi.

Leeds hefur farið illa af stað í deildinni en þetta fornfræga félag er sem stendur í fjórða neðsta sæti deildarinnar. „Það þurfti að fá einhvern svona nagla þarna inn. Nauðsynlegt að fá nýtt blóð til að rífa þetta aðeins upp. Það var hræðilegt að horfa upp á gengið á liðinu áður en hann tók við en auðvitað gerist allt í einu, það þarf að gefa honum tíma til að ná árangri.“

„Það verður bara að koma í ljós seinna hvort hann sé eins ruglaður og sögur segja en það er bara vonandi að maður fái að sjá eitthvað af þessu sem maður er búinn að lesa um hann frá því að maður var polli. Wise var auðvitað í þessu fræga „crazy gang“ hjá Wimbledon, ásamt Vinny Jones og félagum. Hann hlýtur að luma á einhverju, en hann hefur samt væntanlega róast eitthvað með árunum,“ sagði Gylfi léttur í bragði.

„Við unnum í gær og náðum okkur þar með úr fallsæti. Ég held að leiðin liggji bara upp á við hér eftir.“



MAGNÚS LÁRÚSSON Lék vel á lokahringnum.

HM í golfi:

Ísland í 35. sæti

GOLF Heimsmeistaramót áhugamanna í golfi fór fram í Suður-Afríku síðustu daga og þar stóð íslenska karlalandsliðið sig nokkuð vel og hafnaði í 35. sæti af 70.

Magnús Lárússon lék best á lokahringnum eða á einu höggi undir pari en Ísland lék lokahringinn á 3 höggum yfir pari. Sigmundur Einar Mátsson lék á 4 yfir pari og Stefán Már Stefánsson kom í hús á 5 yfir pari.

Stefán Már varð þó efstur Íslendinganna í einstaklingskeppninni en hann hafnaði í 79. sæti á 8 höggum yfir pari. Magnús Lárússon varð að gera sér sæti númer 101 að góðu og Sigmundur Einar kom skammt á eftir í 107. sæti.

Holland sigraði á mótinu, Kanada varð í öðru sæti og Bandaríkjamenn þriðju. - hbg

Ragna Ingólfssdóttir:

Önnur á móti í Búdapest

BADMINTON Íslandsmeistarinn Ragna Ingólfssdóttir stóð sig mjög vel á alþjóðlega ungerska meistaramótinu sem haldið var í Búdapest.

Þar varð Ragna önnur en hún tapaði í úrslitum fyrir stúlku frá Japan, Chie Umezue, 9-21 og 15-21. - hbg



ARNAR SIGURÐSSON Gerir það gott þessa dagana.

Arnar Sigurðsson:

Datt út í 16 liða úrslitum

TENNIS Tenniskappinn Arnar Sigurðsson fer víða þessa dagana og keppir grimmt. Hann tók um helgina þátt í móti sem haldið var í Monterrey í Mexíkó. Þar gerði Arnar fína hluti og komst í 16 liða úrslit í einliða-leik.

Arnar sigraði aftur á móti tvíliða-leikinn ásamt Bretanum Simon Childs. - hbg

Strákarnir í landsliðinu fá greitt en stelpurnar greiða með sér

Himinn og haf eru á milli þeirra greiðsla sem landsliðsmenn karla og kvenna í knattspyrnu fá frá KSÍ. Á meðan laun landsliðskarlanna hækka fá konurnar tæpar níu þúsund krónur á landsliðsverkefni og ekki krónu fyrir heimaleiki þótt vinnutapið sé það sama og í útileikjunum.

FÓTBOLTI Kvinnaknattspyrnan á langt í land á Íslandi. Það eru fá góð lið í íslensku deildinni, áhorfendur á leikjum eru ekki margir og yfir höfuð virðist ekki vera mikil virðing borinn fyrir íslensku knattspyrnustúlkunum eins og mátti til að mynda sjá á umgjörð fyrsta leiks Íslandsmeistara Vals í sumar.

Knattspyrnusamband Íslands, KSÍ, hefur stært sig af því að hafa rétt hlut íslenskra knattspyrnukvenna með því að jafna verðlaunaféð í efstu deildum karla og kvenna meðal annars.

Svo virðist sem viðleitnin til jafnréttis nái ekki lengra hjá knattspyrnuforystunni því munurinn á þeim greiðslum sem landsliðsmenn karla og kvenna fá frá KSÍ er hreint sláandi og það á tímum þar sem KSÍ græðir milljónir á ári hverju. Hagnaðurinn fyrir rekstarárið 2005 var 27 milljónir króna. Eigið fé KSÍ var í árslok sama árs 197,4 milljónir króna.

Strákarnir fá bónus

Leikmenn A-landsliðs karla fá allir greidda dagpeninga sem er eingreiðsla fyrir hvern leik. Hún er 40 þúsund krónur en oftast er ekki spilar landsliðið tvo leiki í röð og þá fær hver leikmaður greiddar 80 þúsund krónur í dagpeninga. Liðið er venjulega saman í 3-4 daga í hverju verkefni.

Karalandsliðið er einnig með árangurstengd laun sem eru að fara í 40-50 þúsund krónur á stiggið í núverandi undankeppni en samningur eru í gangi á milli leikmanna og KSÍ.

Sigurleikur mun því gefa hverjum landsliðsmanni 120 eða 150 þúsund krónur í vasann samkvæmt nýju samningunum þar sem þrjú stig fást fyrir sigur. Liðið hefur verið að fá um 100 þúsund krónur fyrir sigur til þessa. Þessi árangurstengdu laun eru greidd út í lok hverrar keppni. Ekki eru greiddir bónusar fyrir vináttulandsleiki.

Bara dagpeningar erlendis

Leikmenn A-landsliðs kvenna bera

TÖLURNAR

Dagpeningar vegna heimaleiks:	
Karlar:	40.000 kr.
Konur:	0 kr.
Dagpeningar vegna útileiks:	
Karlar:	40.000 kr.
Konur:	8700 kr.
Bónusar á stig:	
Karlar:	40-50.000 kr.
Konur:	0 kr.
Hæsta mögulega greiðsla í tveggja leikja hrinu:	
Karlar:	380.000 kr.
Konur:	17.400 kr.



ENGIN HAMINGJA HJÁ LANDSLIÐSSTELPUNUM Leikmenn kvinnalandsliðsins fá mjög takmarkaðar greiðslur frá KSÍ fyrir þátttöku sína í landsliðinu þótt þær fórnir launum og sumarleyfisdögum. „Munurinn er að við erum ekki með typpi,“ sagði ein landsliðskonan í samtali við Fréttablaðið.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

mjög skarðan hlut frá borði í samamburði við strákana. Þær fá, líkt og strákarnir, greidda dagpeninga fyrir hvert verkefni en eingöngu þó fyrir leiki á erlendri grundu. Dagpeningar kvinnalandsliðsins í Portúgal á dögunum var 100 evrur eða 8.700 kr. Liðið var úti í fjóra daga sem gerir 2.175 kr. á dag.

Það var óvenju há upphæð þar sem stelpurnar fá venjulega ekki meira en 7.000 kr. fyrir verkefnið. Annars er misjafnt hvað stelpurnar fá en mest hafa þær fengið 15.000 krónur fyrir verkefni. Engir dagpeningar eru greiddir fyrir vináttulandsleiki.

Eins og áður segir greiðir KSÍ stelpunum ekki krónu fyrir heimaleikina en vinnutap stúlkanna í heimaleikjum er það sama enda gista þær á hóteli dagana fyrir leikinn, æfa alla daga og geta því ekki stundað vinnu.

Mikið vinnu- og sumarleyfistap

Flestir leikmenn íslenska kvinnalandsliðsins spila hér heima en því er öfugt farið með karlaliðið, þar eru flestir leikmenn atvinnumenn.

Strákarnir sem spila hér heima þurfa venjulega að taka sumarleyfisfistap þegar þeir fara í verkefni með landsliðinu og því koma þessar greiðslur upp í vinnutapið.

Stelpurnar þurfa að gera það sama en munurinn er sá að þær fá engar bætur fyrir vinnutapið og standa oft eftir með fáa sumarleyfisfistap. Þess má síðan geta að leikmenn kvinnalandsliðsins fengu engar greiðslur fyrir þátttöku sína í landsliðinu fyrr en rétt fyrir aldamótin síðustu.

Geir Þorsteinsson, framkvæmdastjóri KSÍ, staðfesti í samtali við Fréttablaðið að bæði karla- og kvinnaliðið fengju greidda dagpeninga sem og kvinnaliðið fengi engar árangurstengdar greiðslur. Geir vildi ekki gefa upp hversu háar þessar greiðslur væru.

„Þetta eru sáralitlar greiðslur. Upphæð greiðslanna eru trúnaðarmál en ég get þó sagt að þetta eru ekki háar greiðslur. Það er fyrst og fremst sjálfbodavinna að spila fyrir landsliðið,“ sagði Geir við Fréttablaðið.

Engin samninganefnd hjá konunum

Þar sem ekki var hægt að fá þessar tölur frá KSÍ hafði Fréttablaðið samband við reynda leikmenn landsliðanna sem sáu enga ástæðu til að halda tölunum leyndum.

Konurnar sögðust vera mjög óánægðar með sitt en víður-

kenndu að hafa ekkert gert til þess að rétta sinn hlut. Karlarnir töldu greiðslurnar eðlilegar enda kæmu þær á móti vinnutapi sem og sumarleyfisfistap sem væri fórnað fyrir landsliðið. Þeir græddu samt ekki á að vera í landsliðinu.

Það er einnig áhugavert að karlalandsliðið er með samninganefnd sem í sitja meðal annars Hermann Hreiðarsson og Jóhannes Karl Guðjónsson. Engin slík nefnd er hjá kvinnalandsliðinu.

Þessi ótrúlegi munur á greiðslum til karla og kvenna sést einna best ef við setjum upp einfalt dæmi:

Það er oft svo að landsliðin spila tvo leiki í röð. Segjum að bæði karla- og kvinnaliðið vinni báða sína leiki.

Karlarnir labba þá heim með 380 þúsund krónur í vasann en konurnar geta í besta falli fengið um 17 þúsund krónur, miðað við síðustu greiðslu, og þá yrðu báðir leikir kvinnalandsliðsins að vera á útvelli. Annars fengju þær bara um 8.000 kr.



ÍPRÓTTALJÓSI
HENRY BIRGIR GUNNARSSON
henry@frettabladid.is

Á ÞRIÐJUDAG KL. 19:30
BARCELONA
CHELSEA
MEISTARAEILDIN



THE FRIEND

Á ÞRIÐJUDAG

- 17:15 Spartak Moskva - Inter Milan Sýn
- 19:30 Barcelona - Chelsea Sýn
- 19:30 Liverpool - Bordeaux Sýn Extra
- 19:30 Bayern München - Sporting Sýn Extra 2

Á MIÐVIKUDAG

- 19:30 Arsenal - CSKA Moskva Sýn
- 19:30 FC Kaupmannahöfn - Man. Utd Sýn Extra
- 19:30 Benfica - Celtic Sýn Extra 2

SYN
besta sætið



GORDON STRACHAN Vill fá Beckham en hefur ekki trú á að hann komi til Celtic.

Gordon Strachan:

Vill fá Beck- ham til Celtic

FÓTBOLTI Gordon Strachan, framkvæmdastjóri Celtic, er að huga að leggja fram tilboð í David Beckham, leikmann Real Madrid. Beckham er sagður vera óánægður hjá Real Madrid en hann hefur lítið fengið að spila eftir að Fabio Capello tók við liðinu. David Beckham hefur látið hafa það eftir sér að hann muni ákveða framtíð sína í janúar.

„Ég er með símanúmerið hjá Beckham. Hann er frábær leikmaður og í góðu formi og getur spilað á háu plani næstu þrjú árín,“ sagði Strachan en Martin Jol, stjóri Tottenham, hefur einnig lýst yfir áhuga sínum á Beckham.

- dsd



STEWART DOWNING Ekki sáttur.

Stuart Downing:

Reiður út í McClaren

FÓTBOLTI Stuart Downing, leikmaður Middlesbrough, er ekki sáttur við Steve McClaren, landsliðsþjálfara Englands. Downing var í byrjunarliði Englands gegn Makedóníu en var tekinn út úr liðinu fyrir leikinn gegn Króatíu í vikunni á eftir.

„Ég vissi að við yrðum gagnrýndir eftir leikinn gegn Makedóníu en mér fannst mjög hart að gagnrýna eingöngu tvo leikmenn, mig og Wayne Rooney. Þetta er liðsþrótt og ég var mjög vonsvikinn að vera ekki í liðinu gegn Króótum. Ég sagði þjálfaranum það að ég væri ekki ánægður og ef ég væri tekinn út úr liðinu þá ættu fleiri leikmenn að missa sætið sitt líka,“ sagði Downing.

- dsd

West Ham vann loksins leik í ensku úrvalsdeildinni:

Hef sjaldan verið eins stressaður

FÓTBOLTI Ömurlegt gengi West Ham tók enda í gær þegar liðið lagði Blackburn, 2-1. Litlu mátti þó muna að West Ham missti unninn leik niður í jafntefli því Blackburn minnkaði muninn í uppbótartíma og komst nærri því að stela stigi þegar tæpar fjórar mínútur voru komnar fram yfir venjulegan leiktíma.

„Tilfinningin er góð en ég held ég hafi sjaldan verið eins stressaður og undir lok leiksins,“ sagði brosmildur framherji West Ham,

Teddy Sheringham, sem skoraði fyrsta mark leiksins. „Við vorum ótrúlega stressaðir undir lokin en fögnum þessum sigri vel og innilega. Við þurftum svo sannarlega á þessum sigri að halda til að koma okkur aftur á beinu brautina.“

Hinn markaskorari West Ham í leiknum, Hayden Mullins, hrósaði Sheringham í hástert. „Það er ótrúlega öflugt að hafa mann eins og Teddy. Hann sýndi hversu góður hann er við markið. Frábært mark hjá honum.“

- hbg



LÉTTIR Leikmenn West Ham fagna hér Teddy Sheringham eftir að hann kom liðinu yfir gegn Blackburn í gær.

FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY IMAGES

Sannfærandi sigur KR-inga

KR vann í gær sannfærandi sigur á Fjölni í Iceland Express deild karla í körfubolta. Fjölnismenn komyst aldrei í takt við leikinn og voru gersigraðir.

KÖRFUBOLTI Greinilegt var að KR-ingar ætluðu sér sigur í gær eftir að hafa tapað fyrir Skallagrími í leiknum á undan. KR fékk Fjölni í heimsókn og frá fyrstu mínútu var aldrei spurning hvort liðið færi með sigur af hólmi. Lokatölur urðu 93-67 heimamönnum í vil.

KR hóf leikinn af miklum krafti og náðu undirtökunum strax í byrjun. Engu líkara var en að einungis eitt lið væri á vellinum og eftir fyrsta leikhlutana var staðan 26-9. Sú forysta var ekki síst að þakka Pálma Sigurgeirssyni sem skoraði 12 stig í fyrsta leikhlutana.

Sama staða var uppi á teningnum í öðrum leikhlutana, Fjölnismenn voru heillum horfnir og KR-ingar gengu á lagið. Vörnir hjá KR var að leika feikilega vel og allt virtist vera að ganga upp hjá vesturbjarkarliðinu. KR-ingar juku forskot sitt og þegar flautað var til leikhles var munurinn á liðinum 19 stig, 44-25.

Fjölnismenn vöknudu örlítið til lífsins í byrjun þriðja leikhlutana en KR-ingar höfðu samt sem áður leikinn í sínum höndum og bættu um betur. Staðan eftir þriðja leikhlutana var 75-51 og einungis spurning hve munurinn yrði mikill í leiklok.

Þegar í fjórða leikhlutana var komið var leikurinn í raun búinn og fátt sem Fjölnismenn gátu gert til að laga það sem miður hafði farið til þessa í leiknum. KR-ingar héldu ró sinni og lokatölur urðu 93-67. Sannfærandi sigur hjá KR en ljóst er að Fjölnir þarf að girða sig í brók.

„Það er auðvelt að girna menn upp eftir tableik og við stjórnuð-



TYSON PATTERSON Átti góðan leik í gær og stal ófáum boltum af Fjölnismönnum í vörninni.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

um þessum leik allan tímann. Við burstuðum þá í Reykjavíkurmótinu og það var held ég bara gott fyrir okkur að þeir hafi unnið Keflavík í síðasta leik. Það varð kannski til þess að við vanmátum þá ekki eftir burstið í Reykjavíkurmótinu.

„Fjölnir er með hörkulið, það sást greinilega á móti Keflavík um daginn. Við tókum þá bara föstum tökum og sýndum þeim hver ræður í þessu húsi,“ sagði Benedikt Guðmundsson, þjálfari KR-

inga, ánægður með sigurinn.

Niels Páll Dungal, leikmaður Fjölnis, var að mæta á sinn gamla heimavöll. „Þetta sýndi það bara að ef maður kemur ekki tilbúinn hingað þá verður maðni bara slátr- að. Við vorum værukærir, hlupum ekki til baka í vörn og það gengur ekki á móti liði eins og KR. KR-ingar eru mjög fljótir upp völlinn og þeir bara hreinlega slátruðu okkur hér í kvöld,“ sagði Niels eftir leikinn.

dagur@frettabladid.is

Síðasti maðurinn sem boxaði við Muhammad Ali fannst látinn um helgina:

Trevor Berbick myrtur á Jamaíka

BOX Fyrrverandi þungavigtar- meistarinn í boxi, Trevor Berbick, fannst látinn á Jamaíka um helgina og telur lögregla að hann hafi verið myrtur. Slæm sár á höfði benda eindregið til þess. Berbick var 51 árs gamall.

Berbick er merkilegur hnefa- leikamaður en hann er síðasti maðurinn sem bardist við sjálfan Muhammad Ali. Það var árið 1981

og fór Berbick með sigur af hólmi. Hann tapaði aftur á móti fyrir Mike Tyson fimm árum síðar þegar Tyson varð yngsti þungavigtarboxari sögunnar.

- hbg

TREVOR BERBICK Hér í bardaganum gegn Mike Tyson. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY IMAGES



ÚRSLIT GÆRDAGSINS

Enska úrvalsdeildin:

WEST HAM - BLACKBURN 2-1
1-0 Teddy Sheringham (21.), 2-0 Hayden Mullins (79.), 2-1 David Bentley (90.).

STADA EFSTU OG NEDSTU LIDA:

MAN. UNITED	10	8	1	1	23-5	25
CHELSEA	10	8	1	1	17-5	25
BOLTON	10	6	2	2	10-8	20
PORTSMOUTH	10	6	1	3	16-6	19

WATFORD	10	0	6	4	7-13	6
SHEFF. UTD	10	1	3	6	4-14	6
CHARLTON	10	1	2	7	6-15	5

DHL-deild kvenna:

VALUR-AKUREYRI 27-20

Mörk Vals: Hildigunnur Einarsdóttir 10 (10), Arna Grímsdóttir 5 (10), Ágústa Edda Björnsdóttir 4/1 (9/1), Rebekka Skúladóttir 2 (3), Katrín Andrésdóttir 2 (3), Hildur Sif Pálmarsdóttir 2 (3), Gréta Björnsdóttir 1 (2), Drifa Skúladóttir 1 (8/1).

Varin skot: Pavla Skavrikova 8/1, Slapikene 4. **Hraðaupphlaup:** 6 (Rebekka 2, Katrín, Hildigunnur, Arna, Gréta).

Mörk Akureyrar: Ester Óskarsdóttir 11 (18/1), Guðrún Helga Tryggvadóttir 4 (6), Erla Heiður Tryggvadóttir 2 (5), Þorsteina Sigurbjörnsdóttir 1 (1), Lilja Sif Þórisdóttir 1 (2), Auður Ómarsdóttir 1 (8).

Varin skot: Sigurbjörg Hjartardóttir 13.

Hraðaupphlaup: 5 (Ester 4, Erla).

STADAN:

VALUR	7	5	1	1189:168	11
STJARNAN	6	5	0	1202:120	10
GRÓTTA	7	5	0	2189:174	10
HAUKAR	7	4	0	3204:172	8
ÍBV	7	3	1	3185:174	7
FRAM	7	2	3	2161:176	7
HK	7	3	0	4175:211	6
FH	7	1	1	5153:189	3
AKUREYRI	7	0	0	7134:208	0

Iceland Express-deild kvk:

HAUKAR-HAMAR 106-53

Iceland Express-deild karla:

KR-FJÖLNIR 93-67

Stig KR: Tyson Patterson 27, Pálmi Freyr Sigurgeirsson 16, Jeremiah Sola 11, Brynjar Þór Björns- son 10, Fannar Ólafsson 8, Peter Heizer 7, Darri Hilmarsson 6, Skarphéðinn Ingason 6.

Stig Fjölnis: Niels Páll Dungal 16, Keith Vassell 13, Nemanja Sovic 12, Patrick Eugene Oliver 11, Emil Jóhannsson 4, Hjalti Vilhjálmsson 3, Marvin Vald- marsson 2, Þorsteinn Sverrisson 2, Tryggvi Pálsson 2, Valur Sigurðsson 2.

TINDASTÖLL-NJARÐVÍK 82-91
KEFLAVÍK-HAUKAR 96-80
SKALLAGRÍMUR-HAMAR/SELFOSS 85-69

STADAN:

NJARÐVÍK	4	4	0	336:288	8
GRINDAVÍK	3	3	0	276:225	6
KR	4	3	1	348:314	6
KEFLAVÍK	4	2	1	357:349	5
SKALLAGRÍMUR	4	2	2	341:324	4
TINDASTÖLL	4	2	2	354:345	4
SNÆFELL	3	2	1	212:206	4
ÍR	3	1	2	249:242	2
HAUKAR	4	1	3	317:345	2
ÞÓR P.	3	1	2	234:267	2
FJÖLNIR	4	0	3	296:337	1
HAMAR/SELF.	4	0	4	251:329	0



Siðfræði íþróttaráðs Íslands

café easy

Hádegisverðarfundur

Mánudaginn 30. október heldur Íþróttá- og Ólympíusamband Íslands hádegisverðarfund í Íþróttamiðstöðinni í Laugardal. **Jens Evald**, form. Anti Doping Danmark og prófessor við Háskólann í Árósum flytur erindi um **siðfræði íþróttá**.

Fundurinn hefst kl. 12:00 og mun standa til kl. 13:00. **Aðgangur er ókeypis.**

Frekari upplýsingar má finna á **www.isisport.is**

Hægt er að kaupa hádegisverð hjá **café easy** sem staðsett er á jarðhæð Íþróttamiðstöðvarinnar



ÁTÖK Það var hart tekið á þegar fyrsta alþjóðlega glímumótíð fór fram í Glímuhúsi Ármanns. Ísland sigraði bæði í karla- og kvennaflokkum þrátt fyrir að tefla fram ungl- ingalíðinu. Svíar lentu í öðru sætinu.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



AUERBACH Var alltaf með vindil.

Fyrrum þjálfari Boston: Red Auerbach er látinn

KÖRFUBOLTI Forseti Boston Celtics og fyrrum þjálfari liðsins, Red Auerbach, lést á laugardaginn, 89 ára að aldri. Auerbach vann alls níu meistaratitla á sínum þjálfaraferli hjá Boston og þar af átta titla í röð á sjötta og sjöunda áratugnum.

Auerbach þótti harður í horn að taka og var mikill leiðtogi en hann leiddi Boston-liðið tíu sinnum til sigurs í austurdeildinni á þeim sextán árum sem hann var við stjórnvölinn. Auerbach var einungis 48 ára þegar hann hætti að þjálfra.

- dsd

NM í fimleikum:

Bjarki Norðurlandameistari

FIMLEIKAR Norðurlandamót drengja, 13-16 ára, var haldið í Stokkhólmi um helgina og þar fór Ármenningerinn Bjarki Ásgeirsson mikinn en hann vann yfirburðasigur á bogahesti en Bjarki sigraði í sömu grein fyrir tveim árum. Hann hafnaði síðan í öðru sæti í fjölbraut.

Bjarki keppti til úrslita á öllum sex áhöldunum og vann alls til fimm verðlauna. Hann varð annar á gólfi, í hringjum, á tvislá og í stökki.

Íslenska drengjalandslíðið varð síðan í fjórða sæti.

- hbg

Valur komst í gær í efsta sæti DHL-deildar kvenna með sigri á Akureyri:

Hildigunnur átti stórleik fyrir Val

HANDBOLTI Valur endurheimti í gær efsta sætið í DHL-deild kvenna í handbolta þegar liðið vann nokkuð öruggan sigur á Akureyri, 27-20. Það var þó enginn glæsibragur yfir þessum sigri Valsstúlkna sem virkuðu hálfkærulausar í leik sínum en Akureyri barðist vel allan leikinn. Eini leikmaður Vals sem spilaði á eðlilegri getu var Hildigunnur Einarsdóttir sem skoraði tíu mörk í jafnmörgum tilraunum.

Leikurinn fór rólega af stað en þegar sex mínútur voru liðnar af leiknum var staðan 0-1, gestunum í vil. Valsstúlkur tóku þó fljótt yfirhöndina og náðu mest fjögurra marka forskoti í fyrri hálfleik, en þeim gekk þó illa að hrista baráttuglaðar Akureyrarstúlkur af sér. Akureyri náði að minnka muninn í tvö mörk áður en flautað var til hálfleiks og staðan í hálfleik var 11-9 fyrir Val.

Markverðir beggja liða voru að spila vel í fyrri hálfleiknum en það verður að játást að Valsstúlkur fóru oft illa að ráði sínu og klúðruðu ófáum hraðaupphlaupum.

Valur jók forystu sína jafnt og þétt í síðari hálfleik en það verður ekki tekið af Akureyri að baráttan var til staðar í liðinu. Um miðjan hálfleikinn var Valur komið með öruggt forskot og eingöngu spurning um hve stór sigurinn yrði. Valsstúlkur náðu mest tíu marka forskoti en Akureyri náði þó að klóra aðeins í bakkann í lokin og lokatölur urðu 27-20 fyrir heimamenn.

Hildigunnur Einarsdóttir var langbest í liði Vals og skoraði tíu mörk í tíu skotum. Hjá Akureyri var Ester Óskarsdóttir langatkvæðamest en hún skoraði rúmlega helming marka liðsins, eða



OG ÞAÐ VAR MARK Hildigunnur er hér í þann mund að skora eitt af tíu mörkum sínum í leiknum í gær, en hún var nýverið valinn í landsliðið.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

ellefu talsins. Einnig var Sigurbjörg Hjartardóttir að verja vel í markinu hjá Akureyri.

Þrátt fyrir sigurinn var Ágúst Jóhannsson, þjálfari Vals, ekki sáttur við spilamennsku liðsins. „Þetta eru bara tvö stig unnin og ekkert umfram það. Við vorum bara að spila illa og hugarfarið var lélegt. Við erum klárlega með betri hóp en Akureyri, án þess að ég sé að gera lítið úr þeim, en því miður þá mættum við ekki vel undirbúin fyrir leikinn. Við vorum vissulega með yfirhöndina allan tímann en engu að síður er þetta langt frá því að vera ásætlanleg frammistaða,“ sagði Ágúst eftir leikinn en hann bætti því við að

hann hefði ekki stórar áhyggjur af þessu slæma hugarfari sem hann talaði um.

„Fyrri hálfleikurinn var ágætur hjá okkur en við byrjum síðari hálfleikinn ekki nógu vel. Sofnuðum á verðinum og við höfum ekki efni á því að gera það. Við erum ekki með sterkasta liðið í deildinni, okkur vantar meiri breidd í hópinn. Stór hluti liðsins er unglingar. Við bara náðum ekki að nýta okkur mistök Valsliðsins í síðari hálfleik en það sem okkur vantar fyrst og fremst er reynsla,“ sagði Haddur Stefánsson, þjálfari Akureyrar, en félagið er enn án sigurs eftir sjö fyrstu leikina.

- dsd



STEVEN GERRARD Ekki óánægður.

NORDIC PHOTOS/GETTY

Benitez um Gerrard:

Okkur kemur vel saman

FÓTBOLTI Rafa Benitez, framkvæmdastjóri Liverpool, hefur neitað þeim sögusögnum að Steven Gerrard, fyrirlíði liðsins, sé óánægður og vilji fara frá félaginu.

„Það er alveg á hreinu að ég er ekki að fara að selja fyrirlíðann minn. Það kemur mér alltaf á óvart að lesa eitthvað sem er ekki satt. Ég hef verið í viðræðum við Gerrard og mér finnst hann vera mjög einbeittur og staðráðinn í að standa sig vel fyrir félagið,“ sagði Benitez en Gerrard hefur verið orðaður við Real Madrid.

- dsd

Leikmenn Hearts:

Fóru ekki á sölulista

FÓTBOLTI Hinn skrautlegi eigandi skoska liðsins Hearts, Vladimir Romanov, hótaði leikmönnum liðsins því að þeir yrðu seldir til Dunfermline eða álfka liða ef þeir myndu ekki sigra Dunfermline síðasta laugardag.

Hótunin virkaði ekki því leiknum lyktaði með jafntefli, 1-1, en ekkert hefur heyrst frá Romanov og enginn leikmaður er kominn á sölulista.

- hbg

Hyundai Getz GL 1100 3 dyra.

Kr. 1.390.000

Kr. 14.990 á mán*.

Hyundai Getz GL 1100 5 dyra.

Kr. 1.490.000

Kr. 15.990 á mán*.

- ESP stöðugleikastýring
- ABS og 4 loftþrúðar
- MP3 spilar / 4 hátalarar
- Þokuljós að framan
- Litaðar rúður

Skemmtun 24/7

Hefur gæðin

Bílasamningur til 84 mánaða, blönduð myntkarfa og 30% útborgun.

Bíll á mynd: Getz 5 dyra GLS með 16 tommu álfelgum.

HYUNDAI hefur gæðin

B&L • Grjóthálsi 1 • 110 Reykjavík • 575 1200 • www.bl.is

Keflavík 421 4444

Selfoss 575 1460

Akranes 431 2622

Akureyri 461 2533

Egilsstaðir 471 2524

> Kiefer Sutherland

Íslandsvinurinn frægi og sonur leikarans Donalds Sutherland er heldur betur búinn að endurvekja ferlinn sinn sem Jack Bauer í sjónvarpsþáttunum 24. Hann er nýbúinn að gefa út heimildarmynd þar sem hann eltir vin sinn Rocco DeLuca á tónleikaferðalagi um alla Evrópu. Myndin var meðal annars tekin á Íslandi þegar vinirnir komu hingað og héldu vel heppnaða tónleika.



dagskrá



VIÐ TÆKIÐ: SVAVAR HÁVARÐSSON VILL EKKI LÁTA TRUFLA SIG

Að deyja samkvæmt lækni ráði

Mamma deyr alltaf einu sinni í viku. Það er á miðvikudagskvöldum frá klukkan 22.50 til 23.35. Á þeim tíma er vonlaust að reyna að ná í hana í síma til að tala við hana af einhverju viti eða fá ráðgjöf um stórt sem smátt. Ég frétti nýlega hvernig á þessu stendur. Það er Samkvæmt lækni ráði.

Þessi þáttur, sem heitir Strong Medicine á frummálinu, er upphaldsþátturinn hennar. „Littu svo á að ég sé dauð á þessum tíma, Svavar Hávarðsson,“ sagði hún með þjósti þegar ég hringdi óvart í hana þegar þátturinn var nýbryjaður. Ég vissi að hún meinti það sem hún var að segja fyrst hún notaði fullt nafn. Það hefur hún alltaf gert þegar hún vill að ég hlusti, skilji og gegni.



MAMMA Vill ekki láta trufla sig þegar hún er að horfa á eitthvað sem henni finnst verulega skemmtilegt.

Ég hvorki hlustaði, skildi né gegndi í þetta skiptið og í nokkrar vikur í röð hringdi ég einmitt á þessum tíma. Það var gert af stráksskap einum saman og mikið fannst mér ég vera skemmtilegur. Henni var ekki skemmt og hugði á hefndir. Eftir töluverða rannsóknavinnu komst hún af því hvenær Newcastle United var að spila. Nú var tekið að hringja í gullið sitt í miðri útsendingu og spyrja fréttu. Mér var ekki skemmt, en skildi sneiðina.

Það er öllum hollt að setja sig í spor annarra þegar þeir skilja ekki hvaða þýðingu eitthvað hefur fyrir aðra manneskju. Spyrja sig þessarar grundvallarspurningar: „Hvað ef mamma væri sífellt truflandi mig í einhverju sem mér finnst skemmtilegt?“ Ég gerði það, og mundi þá að fyrir mörgum árum var það ástæðan fyrir því að ég og þáverandi kærastan mín ákváðum að leigja okkur íbúð á sínum tíma. Það er eins með sjónvarpsfni sem manni finnst frábæra gott. Ekkert er meira pirrandi en þegar eitthvað rífur sambandið sem maður hefur náð við upphalds söguhetjuna, hver sem hún er og hvað sem öðrum finnst um hana.

EKKI MISSA AF



► **20.30 My Name is Earl**
SIRKUS



► **21.00 Survivor: Cook Islands**
Skjár EINN



► **21.30 Spænsku Mörkin SÝN**



► **23.20 Spaugstofan**
SJÓNVARPIÐ



► **02.00 All About The Benjamins**
STÖÐ 2 BÍÓ

SJÓNVARPIÐ

- 15.45 Helgarsportíð**
16.10 Ensku mörkin Sýndir verða valdir kaflar úr leikjum síðustu umferðar í enska fótboltanum.
17.05 Leiðarljós (Guiding Light)
17.50 Tákn málsfréttir
18.00 Myndasafnið
18.01 Alda og Bára (22:26) (Ebb and Flo)
18.08 Bú! (11:26) (Boo!)
18.16 Lubbi læknir (34:52) (Dr. Dog)
18.30 Vistaskipti (22:26) (Foreign Exchange) Þáttaröð um ástralskan strák og írsku stelpu sem finna gátt sem þau geta farið um milli landanna tveggja og á ferðalögum sínum lenda þau í margvíslegum ævintýrum.
19.00 Fréttir, íþróttir og veður
19.35 Kastljós
20.20 Lífið fyrir fæðingu (2:2) (Life Before Birth) Bresk fræðslumynd í tveimur hlutum um þróun fósturs í móðurkviði.
21.15 Glæpahneigð (16:22) (Criminal Minds) Bandarísk þáttaröð um sérsviit lögreglumanna sem hefur þann starfa að rýna í persónuleika hættulegra glæpamanna til þess að reyna að sjá fyrir og koma í veg fyrir frekari illvirki þeirra. Meðal leikenda eru Mandy Patinkin, Thomas Gibson, Lola Glaudini og Shemar Moore.
22.00 Tíufréttir
22.25 Ensku mörkin Sýndir verða valdir kaflar úr leikjum síðustu umferðar í enska fótboltanum. e.
► 23.20 Spaugstofan Endursýndur þáttur frá laugardagskvöldi.
23.45 Kastljós
0.30 Dagskrárlok

BÍÓ STÖÐ 2 BÍÓ

- 6.00 Taking Sides**
8.00 Rugrats Go Wild!
10.00 Just For Kicks
12.00 Cleopatra (e)
16.00 Rugrats Go Wild!
18.00 Just For Kicks
20.00 Taking Sides
22.00 Femme Fatale
0.00 Tears of the Sun
► 2.00 All About the Benjamins
4.00 Femme Fatale



6.58 Ísland í bítið 9.00 Bold and the Beautiful 9.20 Í fínu formi 2005 9.35 Oprah (116:145) 10.20 Ísland í bítið (e) 12.00 Hádegisfréttir 12.40 Neighbours 13.05 My Sweet Fat Valentina 13.50 Miss Marple - The Moving Finger 15.25 Listen Up (3:22) 16.00 Skrímslaspilið (26:49) 16.20 Títeuf 16.45 Ginger segir frá 17.10 Smá skrítnir foreldrar 17.30 Hlaupin 17.40 Bold and the Beautiful 18.05 Neighbours

18.30 Fréttir, íþróttir og veður Fréttir, íþróttir og veður frá fréttastofu NFS í samtengdri og opinna dagskrá Stöðvar 2 og Sirkus.
19.00 Ísland í dag
19.40 The Simpsons (21:21) (e)
20.05 Extreme Makeover: Home Edition (15:25) Í þessum ætti ætla Ty og félagar að endurnýja kynnin við nokkrar fjölskyldur sem þau hafa hjálpað í gegnum tíðina. Leyfð öllum aldursþópum.
20.50 Related (18:18) Systemar hjálpa föður sínum að flytja til Cape. Bob þarf að velja á milli þess að fara í mikilvæga viðskiptaferð og að vera heima og bjarga sambandinu.

21.35 Crossing Jordan (6:21) (Réttarlækniinn) Woody er bysna góður með sig eftir að hafa náð að knýja fram játningu hjá þeim sem helst liggur undir grun. Bönnuð börnum.
22.20 60 mínútur (60 Minutes) Vrtasti og vinsælasti fréttaskýringarþáttur í heimi snýr aftur á Stöð 2.
23.05 Prison Break (Flóttinn) Mahone beinir athygli sinni að þeim sem eftir urðu í fangelsinu og þjamar að L.J. Lincoln og Michael leggja á ráðin um að hjálpa L.J. að sleppa út á meðan Sucre, Abruzzi og C-Note hafa uppi önnur áform. B. börnum.
23.50 Lucy Sjónvarpsmynd um ævi og störf einnar vinsælastu sjónvarpsstjörnu allra tíma, Lucille Ball.

1.25 The Inside (8:13) (Nýliðinn) Brennivargur gengur laus og Rebecca er fenginn til að rannsaka málið. Str. b. börnum.
2.10 NCIS (16:24) (Glæpadeild sjóhersins) Sjúkrabíll sem flytur látinn sjóliða springur í loft upp. Bönnuð börnum.
2.55 Löggulíf Að þessu sinni koma félagarnir Þór og Danni sér í mikil vandræði og gerast laganna verðir. Að vanda fara þeir ekki hefðbundnar leiðir í störfum sínum.
4.30 Fréttir og Ísland í dag Fréttir og Ísland í dag endursýnt frá því fyrir í kvöld.
5.40 Tónlistarmyndbönd frá Popp TÍVI

SKJÁREINN

- 7.00 6 til sjó (e)**
8.00 Dr. Phil (e)
8.45 Gegndrepa (e)
15.55 Game tívi (e)
16.20 Beverly Hills 90210 Bandarísk unglingsasería.
17.05 Dr. Phil Sjónvarpsálfraeðingurinn Dr. Phil hjálpar fólki að leysa öll möguleg og ómöguleg vandamál.
18.00 6 til sjó Guðrún Gunnarsdóttir og Felix Bergsson eru í beinni útsendingu alla virka daga og taka á móti góðum gestum í myndveru SkjásEins.
19.00 Melrose Place Bandarísk þáttaröð um íbúana í Melrose Place.
19.45 Trailer Park Boys (e) Gamansería um vinina Ricky og Julian sem hafa oft en ekki villst út af beinu brautinni í lifinu.
20.10 Surface Dramatískir ævintýraþættir um lífið í dimmu djúpinu og ófreskjur sem þar búa. Sumar þeirra eru svo fallegar að börnin laðast að þeim - en er þeim óhætt að leika við þær? Spennuþættir fyrir alla fjölskylduna, fullir af óvæntum uppkomum.
► 21.00 Survivor: Cook Islands Survivor keppnin fer nú fram í þrettánda sinn og í þetta skiptið fer keppnin fram á Cook Islands í Kyrrahafi. Líkt og í síðustu þáttaröð er alltaf einn keppandi sendur í útleð þar sem hann er einangraður frá félögum sínum en fær um leið tækifæri til að leita að friðhelgisgoðinu sem getur komið sér vel seinna meir.
22.00 Law & Order Bandarískur þáttur um störf rannsóknarlögreglumanna og saksóknara í New York. Námsmæ er myrt en lögreglumennirnir telja sig vera komna á spor morðingjans þegar málið tekur óvænta stefnu.
22.50 Jay Leno Spjallþáttur á léttum nótum.
23.35 C.S.I.: New York (e) Bandarísk sakamálasería.
0.25 Casino (e) Bandarísk raunveruleikasería.
1.15 Beverly Hills 90210 (e)
2.00 Melrose Place (e)
2.45 Óstöðvandi tónlist

SJÓNVARP NORÐURLANDS

Fréttátturinn Korter er sýndur kl.18.15 og endursýndur á klukkutíma fresti til kl. 9.15

OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

SIRKUS TV

- 18.00 Insider (e)**
18.30 Fréttir NFS
19.00 Ísland í dag
19.30 Seinfeld
20.00 Entertainment Tonight
► 20.30 My Name is Earl Earl er smáglæpamaður sem dettur óvænt í lukkupottinn og vinnur fyrsta vinninginn í lottóinu. Nokkrum sekúndum eftir að hafa unnið vinninginn verður hann fyrir bil og týnir miðanum. Þar sem hann liggur á spítala og jafnar sig sannfærast hann um að hann hafi týnt miðanum vegna alls þess slæma sem hann hefur gert af sér um ævina.
21.00 Tekinn Það er ekki á hverjum degi sem menn þora að standa uppi í „hárinu“ á Bubba. Bubbi leggur ólöglega og Auði lætur draga flotta jeppann hans í burtu. Sjáðu skemmtilega hlíð á Bubba í Tekinn í kvöld.
21.30 So You Think You Can Dance 2
23.00 So You Think You Can Dance 2
0.00 Weeds (e)
0.30 Insider Í heimi fræga fólksins eru góð sambönd allt sem skiptir máli. Og þar er enginn með betri sambönd en The Insider. Leyfð öllum aldursþópum.
0.55 24 (15:24) (e) Bönnuð börnum.
1.40 24 (16:24) (e) Bönnuð börnum.
2.25 Seinfeld (e) Jerry, George, Elaine og Kramer halda uppteknum hætti í einum vinsælasta gamanþætti allra tíma.
2.50 Entertainment Tonight (e)
3.15 Tónlistarmyndbönd frá Popp TV

SKJÁR SPORT

- 14.00 Watford - Tottenham frá 28.10**
16.00 Fulham - Wigan (e) frá 28.10
18.00 Prumuskot Farið er yfir leiki liðinnar helgar og öll mörkin sýnd. Viðtöl við knattspyrnustjóra og leikmenn.
19.00 Ítölsku mörkin
19.50 Man. City - Middlesbrough (b) Bein útsending frá leik Manchester City og Middlesbrough.
22.00 Að leikslokum (b) Snorri Már Skúlason fer með stækkunargler á leiki helgarinnar með sparkfræðingunum Willum Þór Þórsyni og Guðmundi Torfasyni.
23.00 Ítölsku mörkin (e)
0.00 Prumuskot (e)
1.00 Arsenal - Everton (e) frá 28.10
3.00 Dagskrárlok

REYKJAVÍK SÍÐDEGIS

16-18.30 ALLA VIRKA DAGA Á BYLGJUNNI

HLUSTAR ÞÚ Á VINSÆLASTA SÍÐDEGISÞÁTT LANDSINS?

Reykjavík síðdegis er vinsælasti síðdegisþáttur landsins samkvæmt nýjustu hlustendakönnun Capacent - Gallup.

BYLGJAN
989

- ALLIR ERU AÐ HLUSTA!



Í KVÖLD

SIRKUS 21.00

TEKINN

Tekinn er nýr skemmtiþáttur í umsjá Audda Blöndal þar sem hann leiðir fræga Íslendinga í spaugilegar gildir og tekur upp allt saman með falinni myndavél. Nú þegar hefur hann tekið þau Höllu Vilhjálms X-Factor-kynni, Hörð Magnússon íþróttfréttamann og Badda söngvara í Jeff Who? Næstur í röðinni er sjálfur Bubbi Morthens. Það er ekki á hverjum degi sem menn þora að standa uppi í „hárinu“ á Bubba. Í þættinum í kvöld sýnir Auddi og sannar hugrekki sitt með því að leggja gildir fyrir rokkkónginn vígalega. Hrekkurinn er sá að þegar Bubbi leggur ólöglega, mætir Auddi á svæðið og lætur draga flotta jeppann hans í burtu. Afleiðingarnar eru kostulegar því eins og alþjóð veit þá er Bubbi maður sem ekki lætur bjóða sér hvað sem er. Dagskrárgerð er í umsjá Audda, Huga Halldórssonar og Kristófers Dignus sem stjórnar jafnframt upptökum.



▶ VIÐ MÆLUM MED EXTREME MAKEOVER: HOME EDITION Á STÖÐ 2 KL. 20.05

Í þættinum í kvöld heimsækja Pennington og kumpánar hans í Extreme Makeover-genginu nokkrar af fjölskyldnum sem hafa notið hjálpar þeirra. Það er fróðlegt að sjá hvernig fjölskyldnum hefur vegnað eftir að liðið breytti húsnum þeirra og lífi til hins betra, en þær eiga allar við einhvers konar örðugleika að stríða.



RÁS 1 FM 92,4/93,5

- 6.45 Veðurfregni 6.50 Bæn 7.00 Fréttir
- 7.05 Morgunvaktin 8.00 Fréttir 9.00 Fréttir
- 9.05 Laufskálinn 9.45 Morgunleikfimi
- 10.00 Fréttir 10.03 Veðurfregni 10.13 Stefnumót 11.00 Fréttir 11.03 Samfélagið í nærmynd
- 12.03 Hádegisútlavarp 12.20 Hádegisfréttir
- 12.45 Veðurfregni 12.50 Dánarfregni og auglýsingar
- 13.00 Vitt og breitt 14.00 Fréttir
- 14.03 Útlavarpssagan: Bréf til Brands 14.30 Miðdegistónar
- 15.00 Fréttir 15.03 Krossgötur
- 16.00 Fréttir 16.10 Veðurfregni
- 16.13 Hlaupanótan 17.00 Fréttir
- 17.03 Viðsjá 18.00 Kvöldfréttir
- 18.24 Auglýsingar 18.25 Spegillinn
- 18.50 Dánarfregni og auglýsingar 19.00 Vitinn
- 19.30 Stórt í smáu 20.10 Söngvamáll
- 21.00 Heimurinn okkar 21.55 Orð kvöldsins
- 22.00 Fréttir 22.10 Veðurfregni
- 22.15 Úr tónlistarlífinu: Norrænir músikdagur 2006
- 0.00 Fréttir 0.10 Útlavarp á samtengdum rásum

FM 90,9 Talstöðin FM 99,4 Útlavarp Saga FM 98,9 Bylgjan FM 95,7 FM957 / Topp tónlistarstöðin FM 102,2 Útlavarp Latibær / Fjölskyldu útlavarp FM 102,9 Lindin / Kristilegt efni FM 96,7 Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying FM 105,5 Útlavarp Boðun / Kristilegt efni FM 89,5 Kiss / Nýja bítið í bænum FM 88,5 XA-Radíó / 12 spora efni FM 91,9 XFM / Tónlist og afþreying FM 97,7 X-ID / Enginn viðbjóður

SYN

13.50 Spænski boltinn

15.30 NFL - ameríska ruðningsdeildin (Denver - Indianapolis) Útsending frá leik í ameríska fótboltanum.

20.30 Gillette Sportpakinn Íþróttir í lofti, láði og legi.

21.00 Meistaradeild Evrópu - fréttáþáttur Allt það helsta úr Meistaradeildinni. Fréttir af leikmönnum, liðum auk þess sem farið er í gegnum mörkin, helstu tilþrífir í síðustu umferð og spáð í spilin fyrir næstu leiki.

▶ 21.30 Spænsku mörkin Ítarleg umfjöllun um síðustu umferð í spænska boltanum.

22.00 Ensku mörkin Farið yfir allt það helsta sem gerðist í liðinni umferð í ensku 1. deildinni í knattspyrnu. Mörg félöganna í þessari deild eru með íslenska leikmenn á sínum snærum og því kærkomið að fá tækifæri til þess að fylgjast með tilþrífum þeirra í hverri einustu umferð.

22.30 KF Nörd (9:15) Þættirnir um knattspyrnufélagið Nörd hafa slegið í gegn hér á landi sem annars staðar á Norðurlöndunum. Hversu mikilli færni geta Nördarnir náð upp í knattspyrnuni á örfáum mánuðum?

23.15 Heimsmótaröðin í Póker (Bellagio's Five-Diamond World Poker Classic) Snjöllustu pókerspilarar veraldar koma saman á heimsmótaröðinni en hægt er að fylgjast með frammistöðu þeirra við spilaborðið í hverri viku á Syn. Póker á sér merka sögu en til er ýmis afbrigði spilsins. Á seinni árum hefur póker átt miklum vinsældum að fagna víða um heim og kemur margt til. Ekki síst veglegt verðlaunafé sem freistar margra. Á mótaröðinni er spilað fyrirkomulagið Texas hold em sem er hvað skemmtilegast fyrir áhorfendur.

DR 1

12.20 Udefra 13.20 Danmark Ekspeditionen **15.50** Nyheder på tegnsprog **14.00** TV Avisen med vejret **14.10** Dawsons Creek **15.00** Hjerteflimmer **15.30** Boogie Update **16.00** Kykellíkyhunden **16.05** Yu-Gi-Oh! **16.30** Troldspejlet **17.00** Den hvide sten **17.30** TV Avisen med Sport og Vejret **17.55** Dagens Danmark **18.25** TV Avisen **18.30** Kristendemokraterne, landsmøde **19.00** Søren Ryge og Bette Anna **19.30** De store katte **20.00** TV Avisen **20.25** Horisont **20.50** SportNyt **21.00** Den farlige film **22.30** Viden om **23.00** Boogie Update

NK1

12.00 Siste nytt **12.05** Schrödingers katt **12.30** Arbeidsliv **13.00** Siste nytt **13.05** Norge rundt **13.30** Ápen himmel: Salmesus frá Sørlandet **14.00** Siste nytt **14.05** Ian tar regien **14.30** Den blå sandens hemmelighet **15.00** Siste nytt **15.03** Nørdland **15.30** Amigo **16.00** Siste nytt **16.10** Oddasat - Nyheter på samisk **16.25** Tid for tegn **16.40** Mánáid-TV - Samisk barne-tv **16.55** Nyheter på tegnspråk **17.00** Harry med bötta full av dinosaurer **17.10** Gubben og katten **17.25** Vennene på Solflekken **17.40** Distriktsnyheter **18.00** Dagsrevyen **18.30** Puls **18.55** Faktor: Odelsgutane **19.25** Redaksjon EN **19.55** Distriktsnyheter **20.00** Dagsrevyen 21 **20.30** Koht i familien **21.00** Dok1: Sukkerslaver **22.00** Kveldsnytt **22.10** Store Studio **22.50** Inspektør Morse

SVT 1

12.00 Sportspegeln **13.45** Ett dockhem **15.00** Rapport **15.10** Gomorron Sverige **16.00** Garage - Álska film! **16.30** Krokodill **17.00** Smá Einsteins **17.30** Zoé Kézako **17.45** Klister **18.00** Lilla sportspegeln **18.30** Rapport **19.00** En uppstoppad hund **20.00** Plus **20.30** Kobra **21.15** Sleeper cell **22.05** Rapport **22.15** Kulturyheterna **22.25** Fosterlandet **23.25** Sändning från SVT24

Merkjavara á silfurfati

MIKIÐ ÚRVAL AF ÍÞRÓTTAVÖRUR FRÁ NIKE, ADIDAS OG PUMA



50% - 80% lækkun

Vetrarfátnaður. Góðar jólagjafir.

Fótboltavörur: Nike - Adidas - Puma - fótboltaskór - legghlífar - búningar - boltar - mesta úrval landsins

Sundfátnaður: Nike, Adidas, Speedo og Triumph. Sundbolir, bikini, sundskýlur, sundbuxur (boxer), barnasundföt.

VERÐDÆMI

	Okkar verð	Fullt verð
Íþróttabuxur m/röndum, barna	1.700 kr.	3.990 kr.
Catmandoo snjóboxur barna.....	2.500 kr.	5.990 kr.
Didrikson regngallar.....	2.000/ 2.200 kr.	4.000/ 24.000 kr.
Reebok erobik skór, leður	3.990 kr.	12.990 kr.
Fótboltaskór (Nike, Adidas, Puma)	2.000/ 12.000 kr.	4.000/ 24.000 kr.
Sundbolir barna (Nike, Arena, Speedo).....	1.000/ 2.000 kr.	2.990/ 4.990 kr.
Karlmannasokkar	300 kr.	600 kr.
Catmandoo úlpur barna	3.990 kr.	7.990 kr.
Vetrarfrakkar karlmannna.....	6.900 kr.	16.990 kr.
Bison T-bolir	1.000 kr.	1.990 kr.

Okkar takmark: **50% - 80% lækkun frá fullu verði**
 Visa/euro
 Sendum út á land.

Opnunartími: Virka daga 14.00 - 18.00 • Laugardaga/Sunnudaga 10.30 - 18.00 • Upplýsingasími 561 2794

HRÓSIÐ ...



... fær Sigurður Þór Guðjónsson sem tekið hefur saman allar lýsingar á veðurfari í íslenskum annálum og sett á netið.

Stórhuga Ólafur Jóhannesson í New York

Gengið hefur verið frá fjármögnun á kvikmynd Ólafs Jóhannessonar, Stóra planið, sem byggð verður á sögu Þorvaldar Þorsteinssonar. Við fótskör meistarans. „Við erum búnir að leggja yfir handritinu í fimm ár og nú er loksins komið að stóru stundinni,“ segir Ólafur spenntur en leikstjórinn var staddur í New York þegar Fréttablaðið hafði upp á honum. „Þetta er gamanmynd í Kung fu-stíl og

við ætlum að taka hana upp í apríl og maí,“ bætir Ólafur við en myndin fjallar um Davíð sem er sannfærður um að kúnverski náunginn í hausnum á honum muni aðstoða hann við að uppfylla örlög sín. Valinn maður er í hverju rúmi en með aðalhlutverkið fer Pétur Jóhann Sigfússon auk þess sem Eggert Þorleifsson og Ilmur Kristjánsdóttir eru í stórum hlutverkum.

Heimildar mynd Ólafs,

Act Normal, fékk nýverið mjög góða dóma í Variety sem jafnan er talin vera biblíu kvikmyndagerðarfólksins. „Auðvitað er alltaf jákvætt að fá svona góð viðbrögð í Variety og þetta á eftir að hjálpa dreifingu myndarinnar mikið. Nokkur stór bandarísk dreifingarfyrirtæki eru inni í myndinni en við erum bara pollrólegir enda viðkvæmur bransi,“ útskýrir Ólafur sem vinnur nú hörðum höndum að því að ljúka við gerð Queen Raquela, leikinnar

myndar um samnefndan stelpustrák sem heldur á vit ævintýranna í leit að ástinni í lífi sínu með hjálp internetmelldólgs og íslensk stelpustráks. „Myndin er byggð á sannsögulegum persónum og margir þeirra leikara sem koma fyrir eru að leika sjálfan sig,“ segir leikstjórinn og reiknar með því að myndin rati á hvíta tjaldið um mitt næsta ár. - fgg

EGGERT ÞORLEIFSSON Leikur Harald, hinn sadíska grunnskólakennara, í kvikmynd sem byggð verður á Við fótskör meistarans eftir Þorvald Þorsteinsson.



1	2	3	4	5
6	7	8		
9	10		11	
12		13		
	14			15
16		17		
18	19		20	
21				

LÁRÉTT

2 rólega 6 bardagi 8 gubb 9 sarg 11 bor 12 nuddast 14 kortabók 16 rás 17 kærleikur 18 fát 20 í röð 21 auma.

LÓDRÉTT

1 erta 3 tveir eins 4 týnast 5 mál 7 guðrækin 10 hola 13 rá 15 högg 16 þjálfá 19 tveir eins.

19 mm.
7 trúður, 10 gát, 13 slá, 15 stúð, 16 afa, 20 lu, 21 amma.
LÓDRÉTT: 1 þunn, 3 ææ, 4 gláslast, 5 tal, 12 núsast, 14 atlas, 16 æd, 17 ást, 18 fúm, 19 afa, 20 lu, 21 amma.
LÁRÉTT: 2 hægt, 6 æ, 8 aela, 9 urg, 11 al, 12 núsast, 14 atlas, 16 æd, 17 ást, 18 fúm, 19 afa, 20 lu, 21 amma.

VEISTU SVARID

Svör við spurningum á bls. 8

- 1 Pólsk.
- 2 Karlakórinn Fóstbræður.
- 3 210 ára.

SIGURJÓN SIGHVATSSON: SCANBOX FÆRIR ÚT KVÍARNAR

Framleiðir dýrustu mynd Dana – um Leif heppna

Kvikmyndafrirtækið Scanbox, sem Sigurjón Sighvatsson á meirihluta í, framleiðir dýrustu kvikmynd sem Danir hafa gert, Valhalla Rising, en hún fjallar um landafundi Leifs Eiríkssonar í Ameríku. Reiknað er með að kostnaðurinn við gerð hennar verði í kringum einn milljarður og því ljóst að hér er um gríðarlega stórt verkefni að ræða. Leikstjóri myndarinnar verður Nicholas Winding Refn og segir Sigurjón að kvikmyndin hafi verið dágóðan tíma í vinnslu og á einhverjum tímamarki kom til greina að láta leikarana tala íslensku.

Horfið hefur verið frá því og reiknar framleiðandinn með því að töluð verði keltneska í myndinni. Myndin verður væntanlega tekin upp á Skotlandi og í Louisiana en litlar líkur eru á því að einhverjar tókur fari fram hér á landi. „Hins vegar hefur það verið rætt að fá Íslendinga til að leika í myndinni og eru töluvert miklar líkur á að það verði að raunveruleika,“ segir Sigurjón en þegar hefur verið tilkynnt að Mads Mikkelsen leiki aðalhlutverkið í myndinni. Mikkelsen verður væntanlega eitt af stóru nöfnunum í kvikmyndaheiminum þegar



SIGURJÓN SIGHVATSSON Verður einn framleiðenda í einni dýrustu kvikmynd sem Danir hafa gert.

danski leikarinn með hlutverk Ópökkans Le Chiffre. Mikkelsen ætti einnig að vera íslenskum sjónvarpsáhorfendum að góðu kunnur en hann lék stórt hlutverk í sakamálabáttunum Rejseholdet sem sýndir voru á RÚV við miklar vinsældir.

Sigurjón ber hróður íslenskra kvikmyndagerðarmanna víðar en til Bandaríkjanna því Scanbox hefur þegar keypt sýningarréttinn á kvikmynd Dags Kára, Good Heart. Þá tryggði fyrirtækið sér

einnig dreifingarréttinn á Mýrinni sem slegið hefur í gegn hér á landi. „Við keyptum myndina í framleiðsluferlinu og tókum þar smá áhættu enda er íslenskur krimmi svaltíð sérstakt fyrirbæri og bestu krimmarnir eru ef til vill í sjónvarpi, þættir á borð við CSI,“ útskýrir Sigurjón. „Mestu skipti samt að við þekktum vel til verka Baltasars Kormáks, það eru íslenskir stórleikarar í hverju hlutverki og svo ekki síst að Arnaldur Indriðason er þekktur metsöluhöfundur í Skandinavíu,“ útskýrir Sigurjón sem reiknaði með að kostnaðurinn við dreifingu á myndinni yrði í kringum tuttugu milljónir.



MADS MIKKELSEN Leikur Harald í kvikmyndinni Valhalla Rising og verður væntanlega á allra vörum þegar nýjasta Bond-myndin, Casino Royale, hefur verið frumsýnd en þar leikur hann Þrjótinn Le Chiffre.

Ástþór ánægður með Yoko

Ástþór Magnússon hefur lítið látið fyrir sér fara að undanförunu á Íslandi eftir að hafa lent í útistöðum við DV eins og frægt er orðið en það mál fór alla leið fyrir dómstóla. Ástþór er hins vegar hvergi af baki dottinn, sinnir friðarmálum fyrir hönd Friðar 2000 af fullum krafti og beitir sér fyrir því að heimurinn verði betri fyrir okkur mannfólkið.

Þegar Fréttablaðið hafði upp á fyrrum forsetaframbjóðandanum var hann staddur í Kaupmannahöfn í

heimsókn hjá dóttur sinni sem er þar við háskólanám. „Ég er svona bara að dunda mér hérna,“ sagði Ástþór en að undanförunu hefur borið mikið á friðarumræðu hér á landi. Yoko Ono helgaði land undir friðarsúluna sína, Mikhaíl Gorbatsjov kom hingað og hélt fyrirlestur um mikilvægi leiðtogafundarins í Höfða og í kjölfarið var stofnuð friðarstofnun Reykjavíkur. Reyndar reisti Ástþór japanskar friðarsúlur í Reykjavík fyrir ekki löngu en ekki var að heyra á Ástþóri að hann væri súr út í japönsku ekkjóna, fannst framtakið hjá Ono til fyrirmyndar.

Ástþór var að sjálfsgöðu ánægður með að Íslendingar væru að vakna til vitundar um hlutverk sitt sem friðelskandi þjóð.

„Reyndar er leiðinlegt að ekki skyldi vera tekið undir þessar hugmyndir miklu fyrir því þá værum við lengra á veg komin,“ sagði Ástþór sem fagnaði því að herinn væri loksins farinn. „Ég hef verið að benda á það að Keflavíkurflugvöllur ætti að vera notaður sem þróunararmiðstöð fyrir friðargæsluna, bláu hjálmanna,“ bætti hann við.

Ástþór sagðist telja að framtíð landsins fælist í því að fá eitthvað af starfsemi Sameinuðu þjóðanna til Íslands og forsetaembættið ætti að vera friðartákn í heiminum. „Ísland á að vera leiðandi á þessu sviði,“ sagði Ástþór sem sagðist jafnframt ekki vera mótfallinn hvalveiðum. - fgg

ÁSTÞÓR MAGNÚSSON Hefur látið lítið fyrir sér fara að undanförunu en berst enn fyrir friði í heiminum og er sáttur við þá vitundarvakningu sem hefur átt sér stað hér á landi.

Grínistinn Þorsteinn Guðmundsson hefur komið sterkur inn í Síðdegisútlit á Rás 2 á þriðjudögum. Þorsteinn flytur þar pistla undir yfirskriftinni Fréttalygi og þýkir skemmtileg viðbót við þáttinn, enda er hann nokkuð á skjön við alvöruna og formlegheitin sem jafnan tíðkast þar á bæ. Hafi fólk gaman af gríni Þorsteins á Rás 2 er rétt að benda á heimasíðu hans, thorsteinnugudmundsson.is, þar sem hægt er að nálgast mikið af grínefni hans frá síðustu árum. - bs/hdm

PAKKAFERÐIR VIÐ ALLRA HÆFI

Golf Sheraton Real de Faula
+ Vallgjást Verð frá 59.180 kr.

Frábært hótél með öllum þægindum. Tveir einstakir golfvöllir, annar þar 72 og hinn er þar 62. Krefjandi brautir og útsýni yfir Miðjarðarhafið. Einstök lífsreynsla fyrir alla golfara, reynda sem byrjendur.

Sérferð	Einstök gönguferð á Alicante
— 1.–4. nóv.	69.900 kr.
Fótbolti	Chelsea–Watford
— 10.–12. nóv.	56.900 kr.
Fótbolti	Arsenal–Hamburg SV
— 21.–22. nóv.	49.900 kr.
Fótbolti	Tottenham–Wigan
— 24.–27. nóv.	58.900 kr.
Tónleikar	George Michael
+ 27.–29. nóv.	69.900 kr.

Í haust leggur George Michael upp í mikla tónleikaferð og í lok nóvember verður hann í London. Michael mun spila öll sín vinsælustu lög á tónleikunum – og er af nógu að taka!
Innifalið: Flug með sköttum, hótél í 2 nætur og miði á tónleikana.

Golf	Bonalba, Alicante
+ Vallgjást	Verð frá 69.900 kr.
Sérferð	Berlin í jólaundirbúningi
— 24.–27. nóv.	51.900 kr.
Fótbolti	Fulham–Arsenal
— 29.–30. nóv.	49.900 kr.
Fótbolti	Man. Utd.–Man. City
— 8.–10. des.	64.900 kr.
Sérferð	Adventuferð til Trier
— 8.–11. des.	59.900 kr.
Fótbolti	Chelsea–Arsenal
— 9.–11. des.	69.900 kr.
Sérferð	Adventuferð til Berlinar
— 8.–11. des.	49.900 kr.
Fótbolti	Arsenal–Portsmouth
— 15.–17. des.	59.900 kr.
Sólarferð	Alicante, Hotel Sidi San Juan
+ Vallgjást	Verð frá 47.121 kr.


Öll verð miðast við að tveir séu saman í herbergi.

Nánar á www.expressferdir.is eða í síma 5 900 100

Express Ferðir

YOKO ONO Reisti friðarsúlu í Víðey en fyrir nokkrum árum tók Ástþór upp á svipuðum hlut þegar þrjár japanskar súlur risu í Reykjavík.





Bubbi biður um lögregluaðstoð
... í næsta þætti **TEKINN**



MÁNUDAGAR

KL 21:00


Apple á Íslandi




SIRKUS TV

90% heimila ná SIRKUS TV & SIRKUS TV+ á ADSL kerfinu, Breiðbandinu, Digital Ísland en einnig er hægt að ná Sirkus TV með venjulegu UHF loftneti

FRÉTTABLAÐIÐ

SÍMANÚMÉR FRÉTTABLAÐSINS: 550 5000, fax: 550 5099 Rítstjórn: 550 5005, fax: 550 5006, ritstjorn@frettabladid.is
DREIFING: dreifing@posthusid.is Auglýsingaheild: auglysingar@frettabladid.is Veffang: visir.is

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR

SMÁUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000

Skilgjaldið er
10 krónur



ENDURVINNSLAN HF
Knarrarvogi 4, Rvk.



BAKÞANKAR

ÞRÁINS BERTELSSONAR

Víkingaöld hin síðari

Á Norðymbralandi er lítill hólmi sem heitir Lindisfarne. Fyrr á öldum var þar fagurt og fríðsælt mannlíf. Þar stofnaði heilagur Auðun munkaklaustur með góðu bókasafni og enn þá betri vinkjallara. Haustið 792 tóku glöggir menn að veita því athygli að ýmsir váboðar voru á lofti yfir Lindisfarne. Það gekk á með hvirfilbyljum og þrumum og eldingum og stundum mátti greina eldspúandi dreka yfir klaustrinu. Áttunda janúar árið 793 dró síðan til tíðinda um tvöleйти. Þann dag komu skip af hafi og strákaskríll úr Víkinni í Noregi gekk á land í Lindisfarne og rændi og ruplaði í klaustrinu, þurrkaði vinkjallarann og lék munkana grátt.

PESSI dagsetning, 8. jan. 793 hefur síðan markað upphaf svonefndrar Víkingaöldar, en á því tímabili var mikil sveifla á norrænum strákum frá Reykjavík til Konstantínópel og frá Vínlandi til Kænugarðs. En upp birtir öll el um síðir. Víkingaöldin tók enda eins og allar aðrar aldir. Það var fyrir hádegi mánudaginn 25. september árið 1066. Þá féll síðasti víkingurinn, Haraldur harðráði Sigurðarson, í orustunni við Stanfurðu-brú.

SAGAN endurtekur sig. Nú um nokkurt skeið hafa góðir og guðhræddir menn í Kaupmannahöfn séð skuggaleg teikn á lofti: Íslenskur forseti sást snæða flatböku við Ráðhústorgið. En flatbakan er helsta ógnun við þjóðartákn Dana, smörrebröðið. Skömmu síðar höfðu íslenskir piltar tekið til við að reka gamlar krambúðir í borginni með gróða þveröfugt við þann góða danska síð að reka þær með notalegu tapi. Síðast en ekki síst tók íslenskur uppvakningur, Nyhedsavisen, að ganga ljósum logum um gervalla Danmörku.

HINN 29. október 2005 kváðu þeir fróðu munkar sem gefa út hið kristilega smárit Ekstra-bladet sem löngum hefur staðið vörð um siðferðisþrek Dana upp úr með að Víkingaöldin væri hafin á ný. Víkingaöldin síðari. Og spásagnir herma að henni muni ekki ljúka fyrr en aftur verði horfið að því góða skipulagi er Danir héldu uppi Guðs kristni og góðum síðum á Íslandi með því að dæma karlana á Brimarhólmi en dýfa konum þeirra í Drekkingarhyl.

„Líklega bestu kaupin í dag“

„Að reynsluakstri loknum sé ég ekki betur en að nýr Legacy standi þeim gamla að öllu leyti frammar. Ef horft er til verðs og búnaðar er nýr Legacy líklega bestu kaupin í dag.“

-Fréttablaðið 27. 9. 06



SYMMETRICAL AWD

2007 árgerðin af Legacy markar tímamót. Ný hönnun leiðir saman öryggi, þægindi og magnaða aksturseiginleika. Kraftmikil vélin situr lárétt og lágt í vélarrúminu sem margfaldar eiginleika sídrífsins og gerir allan akstur stöðugari. Nýr og aukinn staðalbúnaður eykur þægindin á meðan ekid er. Það eina sem hefur ekki verið bætt við er verðið.

STADALBÚNAÐUR: 2.0 LÍTRAR - 165 HESTÖFL, SÍTENGT FJÓRHJÓLADRIF, 17" ÁLFELGUR, TVÍSKIPT TÖLVUSTÝRÐ LOFTKÆLING, HRADASTILLIR, 6 DISKA GEISLASPILARI MEÐ MP3 OG MARGT FLEIRA.

Ingvar Helgason	Sævarhöfða 2 Sími 525 8000 www.ih.is	Opit: Mán. - fös. kl. 9:00 - 18:00. Lau. 12:00 - 16:00.		
Umboðsmenn um land allt	Akureyri 464 7940	Njarðvík 421-8808	Höfn í Hornafirði 478-1990	Reykjavíki 474-1453

EINSTAKT VERÐ Á NÝJUM LEGACY

SPORT SEDAN	VERÐ
Beinskiptur	2.490.000
Sjálfskiptur	2.620.000
SPORT WAGON	VERÐ
Beinskiptur	2.640.000
Sjálfskiptur	2.770.000

ELDHÚSIÐ KOMIÐ HEIM OG SAMAN FYRIR JÓL!

... ef gengið er frá pöntun í október.



Glæsi eldhúsin frá HTH eru ekki eins dýr og þau líta út fyrir að vera!

AEG
FULLKOMIN LÖGUM OG LEKNI
20% AFSLÁTTUR VEITTUR AF AEG HEIMILISTÆKJUM ÞEGAR KEYPTAR ERU INNRETTINGAR FRÁ HTH.

Opitð virka daga frá 9-18 og laugardaga frá 11-15

ORMSSON
Lágmúla 8 · Sími 530 2800

... þú færð það aðeins betra!